



Ársskýrsla

Landsbankans 2015

Landsbankinn er stærsta fjármálafyrirtækið á Íslandi og veitir einstaklingum, fyrirtækjum og fjárfestum um allt land trausta og alhliða fjármálaþjónustu sem byggir á langtíma viðskiptasamböndum. Á árinu hagnaðist bankinn um 36,5 milljarða króna eftir skatta, samanborið við 29,7 milljarða króna á árinu 2014. Arðsemi eigin fjár eftir skatta var 14,8%. Kostnaðarhlutfall bankans lækkaði verulega milli ára eða úr 56% árið 2014 í 43,8% árið 2015.

Stærsta fjármálafyrirtækið á Íslandi

Landsbankinn leggur áherslu á að vera samherji viðskiptavina í fjármálum. Hann stundar ábyrga markaðssókn með það að markmiði að skapa gagnkvæman ávinning fyrir viðskiptavinum.

Einstaklingar í viðskiptum við Landsbankann	118.500
Fyrirtæki í viðskiptum við Landsbankann	12.300
Útibú og afgreiðslur í árslok 2015	38
Fjöldi hraðbanka / fjöldi afgreiðslustaða	78/64
Stöðugildi í árslok 2015	1.063



Landsbankinn rekur víðtækasta útibúanet banka á Íslandi. Útibú og afgreiðslur bankans í árslok 2015 voru 38 talsins.

Framtíðarsýn Landsbankans er að vera til fyrirmyndar.
Hlutverk hans er að vera traustur samherji í fjármálum
og hreyfiafl í samfélaginu.

Stjórn og skipulag

Góðir stjórnarhættir

Góðir stjórnarhættir Landsbankans stuðla að traustum samskiptum hluthafa, bankaráðsmanna, stjórnenda, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila og styrkja hlutlægni, heilindi, gagnsæi og ábyrgð í stjórnarháttum bankans. Sjá nánar stjórnarháttayfirlýsingu bankans í viðhengi


Ávarp Tryggva Pálssonar, formanns bankaráðs

Með markvissu starfi hefur staða Landsbankans styrkst. Mikilvægir áfangar náðust á árinu 2015 og ber þar einkum að nefna upphaf á innleiðingu nýrrar stefnu til ársins 2020, fjármögnun á erlendum lánsfjármörkuðum og samruna sparisjóða við bankann.

Í skýrslu stjórnar á undanförunum aðalfundum hefur verið sagt með skýrum hætti að þrátt fyrir góðan hagnað þurfi að bæta afkomuna af kjarnastarfsemi bankans. Ný stefna var kynnt á síðasta aðalfundi og er markmið hennar að ná arðseminni til frambúðar yfir 10% að fjórum árum liðnum.

Bankinn setur þarfir viðskiptavina í forgrunn og nýtir tækifærin sem felast meðal annars í hagkvæmari samsetningu efnahags, auknum viðskiptum, skilvirkni og kostnaðaraðhaldi. Unnið er að fjölda verkefna og þeim er fylgt eftir með kerfisbundum hætti. Frábært starfsfólk bankans sér til þess að árangurinn skili sér samkvæmt áætlun, og áfram verður haldið.

Við stofnun Landsbankans hf. árið 2008 og allt fram til síðasta árs hafði bankinn takmarkað aðgengi að erlendum lánsfjármörkuðum. Í lok árs 2009 var samið við slitabú gamla bankans (LBI) um lán gegn skuldabréfum sem ásamt síðar útgefnu skilyrtu skuldabréfi námu 352 ma. kr.



Nú hefur tekist að lækka þessa skuld í 125 ma. kr. með samningum við LBI og nýrri erlendri fjármögnun bankans. Gert er ráð fyrir fullri uppgreiðslu skuldarinnar við LBI á næstu tveimur árum. Viðskiptavinir Landsbank-

ans, bæði fyrirtæki og heimili, eiga eftir að njóta þessa árangurs.

Á árinu leituðu Sparisjóður Vestmannaeyja og Sparisjóður Norðurlands til bankans og vildu leysa aðkallandi fjárhagsvanda sinn.



Tryggvi Pálsson,
formaður bankaráðs

Fjármálaeftirlitið tók ákvörðun um samruna fyrrnefnda sparisjóðsins við Landsbankann í lok mars 2015 og síðari samruninn var samþykktur af eftirlitsaðilum í september.

Landsbankinn sá sér hag í samrununum og vildi jafnframt forða því að langur og lengst af farsæll ferill þessara sparisjóða fengi slæman endi fyrir viðskiptamenn, starfsmenn og eigendur.

Við samrunana fjölgaði hluthöfum Landsbankans og eru þeir nú orðnir tæplega tvö þúsund.

Framundan eru spennandi tímar. Með lúkningu fordæmisgefandi dómsmála hefur verið dregið úr óvissu og stefnt er að afléttingu fjármagnshafta. Ekkert er að vanbúnaði að skrá bankann á hlutabréfamarkað og að ríkið selji af hlut sínum ef vilji stjórnvalda stendur til þess.

Áður en að því kemur er unnt að greiða út hluta þess eiginfjár bankans sem er umfram viðmið

Skipting eignarhalds á Landsbankanum

Nafn	Eignarhlutur
Ríkissjóður Íslands	98,20%
Landsbankinn hf.	0,91%
Núverandi og fyrrum starfsmenn bankans*	0,78%
Fyrrum stofnfjáreigendur í Sparisjóði Vestmannaeyja og Sparisjóði Norðurlands (aðrir en íslenska ríkið)	0,11%

*Árið 2013 fengu um 1.400 starfsmenn og fyrrum starfsmenn afhenta hluti í Landsbankanum í samræmi við samning um uppgjör LBI hf. og íslenska ríkisins.

bankaráðs og kvaðir eftirlitsaðila. Ríkissjóður getur þá grynnað á skuldum sínum og það styrkir lánshæfi ríkisins og þar með allra íslenskra lántakenda.

Landsbankinn er vel hæfur til skráningar á markað, með traustan fjárhag. Hraður vöxtur er ekki takmarkið heldur að treysta enn stöðu og afkomu bankans svo að unnt verði að greiða jafnan og góðan arð á komandi árum.

Ávarp Steinþórs Pálssonar bankastjóra

Traust og fagleg fjármálaþjónusta er ein af meginfor-
sendum öflugs hagkerfis og hagsældar. Landsbankinn er
stærsta fjármálafyrirtæki landsins og við sem störfum
þar gerum okkur grein fyrir því mikilvæga hlutverki
sem bankinn gegnir; að einstaklingar og fyrirtæki geti
fengið öfluga fjármálaþjónustu sem stuðlar að vexti og
viðgangi hagkerfisins, án þess að stöðugleika sé ógnað,
og að réttur neytenda sé um leið tryggður.

Stefna Landsbankans er skýr. Framtíðarsýn bankans er að hann verði til fyrirmyndar. Í því felst að setja viðskiptavinum bankans í forgang og að þeir finni að þeir njóti gagnkvæms ávinnings af viðskiptunum. Um leið þarf bankinn að vera álitlegur fjárfestingarkostur. Landsbankinn ætlar að vera traustur samherji í fjármálum og starfa í sátt við samfélagið og umhverfið. Við viljum að sagt sé um bankann: „Svona á banki að vera.“

Til að tryggja framgang stefnu bankans hefur bankinn sett sér markmið og mótað ítarlega verk-
áætlun sem unnið verður eftir á næstu árum. Markmiðin snúast um ánægða og tryggja viðskipta-
vini, hagkvæmni, arðsemi, að starfsemin sé í samræmi við áhættuvilja og að bankinn hafi á að skipa öflugum og ánægðum starfsfólki.


Landsbankanum gekk vel á árinu 2015. Samkeppni á markaði er hörð en staða bankans er sterk

og markaðshlutdeild hans fer vaxandi. Hér verða nefnd nokkur dæmi: Á einstaklingsmarkaði jók bankinn forskot sitt. Um sl. áramót mældist hlutdeild bankans 36,1%, hún var sú mesta á einstaklingsmarkaði og hefur aldrei mælst hærrí. Bankinn er leiðandi í lánum til fyrirtækja og mikill vöxtur var í stýringu eigna, bæði hjá bankanum og Landsbréfum, dótturfélagi bankans. Þá var bankinn umsvifamestur í viðskiptum á hlutabréfamarkaði.



Steinþór Pálsson,
bankastjóri

Fjárhagslegt uppgjör bankans árið 2015 var það besta frá upphafi. Hagnaður Landsbankans á árinu 2015 nam 36,5 milljörðum króna og arðsemi eigin fjár var 14,8%. Mikilvægt er að hagnaður af reglubundinni starfsemi bankans skili ásættanlegri arðsemi fyrir hluthafa og stefna Landsbankans er að skila 10% arðsemi til lengri tíma. Hagnaður er forsenda þess að bankinn geti fjárfest til að mæta kröfum viðskiptavina, nú og í framtíð, um öflugna og örugga fjármálaþjónustu.



Eigið fé bankans nam 264,5 milljörðum króna í árslok 2015 og er eigið fé, sem hlutfall af áhættuvegnum eignum, 30,4%. Áhætta í starfsemi bankans hefur minnkað hratt, m.a. vegna sölu áhættusamra eigna og lækkandi vanskila, en vanskilahlutfallið í lok árs var 1,8%. Sterk staða bankans gerir honum kleift að greiða hluthöfum verulegan arð og leggur stjórn bankans til við aðalfund að greiddir verði 28,5 milljarðar króna í arð á árinu 2016, vegna starfsemi á árinu 2015. Stefna Landsbankans um arðgreiðslur er að meirihluti hagnaðar hvers árs verði greiddur út sem arður, en um leið sé tryggt að fjárhagsstaða bankans verði áfram sterk. Verði tillaga stjórnar samþykkt á aðalfundi munu arðgreiðslur bankans á árunum 2013-2016 nema um 82 milljörðum króna. Mestallar arðgreiðslur hafa runnið í ríkissjóð og koma, ásamt verulegum skattgreiðslum bankans, öllu samfélaginu til góða.

Undanfarin ár hafa stórir einskisliðir, s.s. jákvæðar virðisbreytingar útlána, sett mikinn svip á uppgjör bankans og svo er einnig að þessu sinni. Ljóst er

að bankinn getur ekki reitt sig á miklar tekjur vegna jákvæðra virðisbreytinga til framtíðar. Mikilvægt er að rekstur bankans sé skilvirkur og hagkvæmur. Kostnaðarhlutfall lækkaði verulega á milli ára. Rekstrarkostnaður lækkaði og tekjur jukust vegna vaxandi umsvifa. Áfram verður unnið að því að auka hagkvæmni í rekstri til að efla samkeppnistöðu bankans.

Landsbankinn hefur markað sér skýra stefnu í samfélagsábyrgð og samhliða ársskýrslu gefur bankinn út samfélagsskýrslu, fimmta árið í röð. Einn mikilvægasti liðurinn í samfélagsstefnu bankans er að stuðla að auknu jafnrétti innan bankans, m.a. í launamálum kynjanna. Góður árangur bankans í þessum efnum var staðfestur þegar bankinn hlaut í mars 2015 gullmerki Jafnlaunaúttektar PwC. Bankinn var fyrstur íslenskra banka til að hljóta gullmerkið.

Við sem störfum í bankanum erum þakklát fyrir það hversu margir kjósa að vera viðskiptavinir Landsbankans. Starfsfólki færi ég þakki fyrir vel unnin störf.

Stjórn og stjórnarhættir

Bankaráð Landsbankans er skipað sjö mönnum og tveimur til vara. Bankaráð er kosið á aðalfundi og er kjörtímabil bankaráðsmanna eitt ár. Bankaráð Landsbankans fer með æðsta vald í málefnum Landsbankans á milli hluthafafunda. Bankaráð ber ábyrgð á starfsemi bankans og stefnumótun og hefur jafnframt yfirumsjón með því að starfsemi bankans og rekstur sé í samræmi við lög, samþykktir bankans og aðrar reglur sem um starfsemina gilda.

Bankaráð Landsbankans

Tryggvi Pálsson, formaður bankaráðs

Tryggvi Pálsson hefur víðtæka reynslu á fjármálamarkaði og hefur gegnt leiðandi hlutverki í rekstri fjölmargra fjármálafyrirtækja. Hann lauk prófi frá viðskiptadeild Háskóla Íslands og meistaraþáttu í þjóðhagfræði frá London School of Economics. Tryggvi er sjálfstætt starfandi við ráðgjöf og stjórnarstörf. Hann starfaði hjá Landsbanka Íslands hf. sem forstöðumaður hagfræði- og áætlanadeildar 1976-1984 og var framkvæmdastjóri fjármálasviðs 1984-1988. Árið 1988 var hann ráðinn bankastjóri Verslunarbanka Íslands hf. en gegndi síðan lykilhlutverki í samruna fjögurra banka við stofnun Íslandsbanka hf. 1990.

Tryggvi var bankastjóri og framkvæmdastjóri hjá Íslandsbanka á árunum 1990-2000. Hann var ráðgjafi bankastjórnar Seðlabankans 2000-2001 og framkvæmdastjóri fjármálasviðs bankans 2001-2011. Tryggvi hefur gegnt ýmsum öðrum stjórnunarstörfum á fjármálamarkaði, setið í opinberum nefndum, sinnt margvíslegum félagsstörfum og annast kennslu í þjóðhagfræðum og bankafræðum á háskólastigi.

Eva Sóley Guðbjörnsdóttir, varaformaður

Eva Sóley Guðbjörnsdóttir er fjármálastjóri Advania á Íslandi. Hún var áður forstöðumaður á fjármálasviði hjá Össuri hf., stjórnarmaður í Skeljungu og stundakennari í meistaranámi í fjármálaverkfræði við tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík. Hún er með meistaraþáttu í fjármálaverkfræði frá

Columbia University í Bandaríkjunum ásamt grunngráðu í hagverkfræði frá sama skóla. Þá hefur hún lokið löggildingarprófi í verðbréfamíðlun.

Danielle Pamela Neben

Danielle Pamela Neben starfar í dag sem sjálfstæður ráðgjafi. Hún starfaði hjá HSBC-bankanum, sem er einn stærsti banki heims, á árunum 1993-2013 í sjö löndum, m.a. í Bretlandi, Þýskalandi, Taívan og Singapore. Hún lauk háskólanámi í viðskiptafræði frá McGill University í Kanada með áherslu á fjármál. Danielle átti sæti í framkvæmdastjórn HSBC Trinkaus & Burkhardt (Int.) SA í Lúxemborg 2012-2013 sem framkvæmdastjóri á rekstrarsviði. Áður var hún í ýmsum stjórnunarstörfum innan HSBC-bankans.



Helga Björk Eiríksdóttir

Helga Björk Eiríksdóttir er framkvæmdastjóri Integrum sem starfar á sviði fasteignaþróunar og ráðgjafar. Hún var áður fjárfesta- og almannatengill hjá Marel ásamt því að gegna formennsku í stjórn Sparisjóðs Svarfdæla. Helga Björk er með MBA-gráðu frá Háskólanum í Edinborg. Hún útskrifaðist með BA-gráðu í ensku og ítölsku frá Háskóla Íslands 1997 og lauk prófi í hagnýtri fjölmiðlun 1999 frá sama skóla. Meðal annarra starfa eru umsjón með samskiptamálum fyrir skila-

nefnd og slitastjórn Kaupþings hf. á árunum 2009 og 2010 og hún var áður markaðs- og kynningarstjóri Nasdaq OMX-kauphallarinnar á Íslandi um átta ára skeið

Jón Sigurðsson

Jón Sigurðsson hefur víðfeðma rekstrar- og stjórnunarreynslu. Hann hefur m.a. starfað á sviði fjármála, innkaupa, fjárfestingar, ráðgjafar og stefnumótunar hjá fyrirtækjum í fjölbættum rekstri. Hann er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og er sjálfstætt starfandi við ráðgjöf og

stjórnunarstörf. Jón starfaði sem framkvæmdastjóri innkaupasviðs hjá Promens árin 2008-2015 en áður var hann framkvæmdastjóri fjármálasviðs félagsins árin 2004-2007. Á árunum 1999-2004 starfaði Jón sem forstöðumaður fjárfestingarsviðs hjá Framtaki fjárfestingarbanka.

Jóhann Hjartarson

Jóhann Hjartarson hefur verið yfirlögfræðingur Íslenskrar erfðagreiningar ehf. frá árinu 1998 en var einnig yfirlögfræðingur deCODE genetics Inc. á árunum

1998-2009. Jóhann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1992 og öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður (hdl.) 1998. Hann er einnig með diplóma í alþjóðlegum hugverka- og einkaleyfarétti frá University of Washington School of Law 1998 og réttindi til málareksturs hjá Evrópsku einkaleyfastofunni frá 2006. Jóhann situr nú í stjórn Íslenskrar erfðagreiningar ehf. (formaður) en auk þess er hann varamaður í stjórn UVS - Urður, Verðandi, Skuld ehf.

Kristján Davíðsson

Kristján Þ. Davíðsson hefur starfað sem framkvæmdastjóri Isder ehf. síðan 2009. Hann er með skipstjórnarpróf frá Stýrimannaskóla Íslands og meistaraþáttu í sjávarútvegsfræði frá Háskólanum í Tromsø í Noregi. Áður var hann framkvæmdastjóri skilanevndar Glitnis banka hf. frá 2008-2009 en hann var um árabil starfsmaður Glitnis/Íslandsbanka og starfaði þar meðal annars sem framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs og sem forstöðumaður sjávarútvegs- viðskipta á alþjóðasviði bankans. Hann hefur starfað hjá SÍF hf. og Marel hf. við sölu og markaðsstörf og einnig sem forstjóri Granda hf. og aðstoðarforstjóri HB Granda hf.

Varamenn

Árni G. Hauksson

Árni G. Hauksson er sjálfstætt starfandi við ráðgjöf og stjórnunarstörf í Japan og á Íslandi. Árni lauk prófi frá verkfræðideild Háskóla Íslands árið 1992. Hann stundaði síðan framhaldsnám við Massachusetts Institute of Technology í Bandaríkjunum og lauk þaðan meistaraþáttu í aðgerðarannsóknum árið 1993 og doktorsprófi árið 1997.

Tinna Laufey Ásgeirsdóttir

Tinna Laufey Ásgeirsdóttir hefur stundað kennslu og rannsóknir héraðs og erlendis og gegnir nú prófessorsstöðu við Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsprófi í hagfræði frá University of Miami í Bandaríkjunum árið 2006 en þar áður stundaði hún meistaranám í hagfræði við sama skóla og í sagnfræði við Háskóla Íslands.

Stjórnarhættir

Góðir stjórnarhættir Landsbankans leggja grunninn að traustum samskiptum hluthafa, bankaráðsmanna, stjórnenda, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila og stuðla að hlutlægni, heilindum, gagnsæi og ábyrgð í stjórnun bankans. Á

hverju ári gerir Landsbankinn úttekt á því hvort viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti sé fylgt og hvort stjórnarhættir bankans á hverjum tíma séu í samræmi við þær leiðbeiningar.

Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti tilkynnti í desember 2014 að Landsbankinn hefði fengið viðurkenningu sem fyrirmyndar-fyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Umsögn Rannsóknarmiðstöðvarinnar var byggð á úttekt á stjórnarháttum sem unnin var af Deloitte í nóvember 2014.

Niðurstaða úttektar Deloitte á stjórnarháttum Landsbankans var talin gefa skýra mynd af stjórnarháttum bankans og benda til þess að Landsbankinn geti að mörgu leyti verið öðrum fyrirtækjum fyrirmynd í góðum stjórnarháttum.

Stjórnarháttayfirlýsing Landsbankans

Landsbankinn fylgir viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og gerir grein fyrir þessum þætti í stjórnarháttayfirlýsingu bankans ár hvert. Þar koma einnig fram nánari upplýsingar um bankaráð og undirnefndir þess.

Stjórnarháttayfirlýsingu má lesa í heild sinni í viðhengi.

Framkvæmdastjórn og skipulag

Meginstarfsemi bankans skiptist á milli sex sviða: Þriggja tekjusviða og þriggja stoðsviða. Tekjusviðin eru: Einstaklingar, Fyrirtæki og Markaðir. Stoðsviðin eru: Áhættustýring, Fjármál og Rekstur og upplýsingatækni. Í framkvæmdastjórn Landsbankans sitja sjö manns: bankastjóri og framkvæmdastjórar sviðanna.

Bankastjóri

Bankastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri bankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru öðrum falin með lögum, samþykktum bankans eða ákvörðunum bankaráðs.

Steinþór Pálsson er bankastjóri Landsbankans

Steinþór hefur langa reynslu af stjórnunarstörfum við banka og framleiðslufyrirtæki, bæði innanlands og erlendis, og mikla reynslu af breytingastjórnun og stefnumótun. Steinþór er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og með MBA-gráðu frá

Edinborgarháskóla. Bankastjóri annast daglegan rekstur Landsbankans og fylgir ákvörðunum bankaráðs eftir.

Á árum áður gegndi hann stöðu framkvæmdastjóra lánasviðs Verzlunarbanka Íslands og varð síðar starfsmaður Íslandsbanka, m.a. sem forstöðumaður lána- deildar, fjárfestingarlána, útibúaþjónustu, áhættustýringar og fyrirtækjaþjónustu.

Hann var um hríð fjármála- og rekstrarstjóri líftækniyrirtækisins Urður, Verðandi, Skuld, en starfaði síðan í átta ár hjá Actavis. Fyrst sem framkvæmdastjóri Actavis á Möltu, þá sem framkvæmdastjóri Actavis í Banda-



ríkjunum og á árunum 2008-2010 sem framkvæmdastjóri Actavis samstæðunnar á Íslandi á sviði stefnumótunar.

Steinþór er formaður Samtaka fjármálafyrirtækja á Íslandi og stjórnarmaður í European Banking Federation.



Fyrirtæki

Meginhlutverk Fyrirtækjasviðs snýr að þjónustu við fyrirtæki, sveitarfélög og stofnanir. Fyrirtækjamíðstöð Landsbankans heyrir einnig undir sviðið.

Árni Þór Þorbjörnsson er framkvæmdastjóri Fyrirtækjasviðs.

Árni er lögfræðingur frá Háskóla Íslands með diplóma í rekstrar- og viðskiptafræði. Hann hlaut lög-gildinguna í Corporate Finance frá Securities & Investment Institute í London 2005.

Árni hóf störf hjá Landsbankanum 1996. Á fyrstu árunum annaðist hann almenn lögfræðistörf, ráðgjöf og málflytning. Árni var yfirlögfræðingur Fyrirtækjasviðs Landsbanka Íslands hf. til ársins 2008, en við stofnun Landsbankans hf. tók Árni við sem framkvæmdastjóri Fyrirtækjasviðs.



Einstaklingar

Meginhlutverk Einstaklingsviðs er að annast viðskipti við einstaklinga og veita útibú á landsbyggðinni fyrirtækjum alla almenna bankaþjónustu.

Helgi Teitur Helgason er framkvæmdastjóri Einstaklingssviðs.

Helgi lauk embættisprófi í lögum frá Háskóla Íslands 1998.

Sama ár hóf hann störf hjá Landsbankanum sem lögfræðingur og síðar lögmaður. Helgi leiddi opnun skrifstofu Intrum og Lögheimtunnar á Akureyri vorið 2001 og starfaði þar sem svæðisstjóri og lögmaður á Norðurlandi til vorsins 2004 þegar hann tók við starfi útíbússtjóra Landsbankans á Akureyri. Hann hefur verið framkvæmdastjóri einstaklingsviðs frá árinu 2010



Markaðir

Meginhlutverk Markaða er að annast þjónustu er snýr að sölu og miðlun verðbréfa, viðskiptavakt, fyrirtækjaráðgjöf og eignastýringu.

Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir er framkvæmdastjóri Markaða.

Hrefna er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og hefur lokið löggildingarprófi í verðbréfa- viðskiptum. Hrefna hóf störf hjá Landsbankanum 2010.

Hrefna starfaði sem sjóðstjóri hjá Arev verðbréfafyrirtæki frá árinu 2007 þar til hún gekk til liðs við Landsbankann. Þá starfaði Hrefna sem forstöðumaður skráningar-sviðs og sérfræðingur á því sviði hjá Kauphöll Íslands frá 1998-2006. Áður gegndi hún starfi forstöðumanns einstaklingsþjónustu hjá Fjárvangi og var starfsmaður á peningamálasviði Seðlabanka Íslands.



Áhættustýring

Áhættustýring ber ábyrgð á greiningu áhættu og eftirliti með henni. Áhættustýring gegnir enn fremur veigamiklu hlutverki í út-lánaferli bankans.

Perla Ösp Ásgeirsdóttir er framkvæmdastjóri Áhættustýringar.

Perla er með MSc.-gráðu í fjármálum frá Háskólanum í Reykjavík. Perla hóf störf hjá Landsbankanum sem forstöðumaður Áhættustýringar 2010 og varð framkvæmdastjóri Áhættustýringar síðar sama ár.

Perla starfaði hjá Seðlabanka Íslands á árabílinu 2005-2010 og hjá rannsóknarnefnd Alþingis árið 2009. Perla sinnti m.a. eftirliti með fjármálafyrirtækjum og mörkuðum hjá Seðlabanka Íslands og annaðist gerð áhættulíkana fyrir íslenskan fjármálamarkað. Perla var ráðin forstöðumaður áhættustýringar Landsbankans í apríl 2010 og framkvæmdarstjóri í október.



Fjármál

Fjármál bera ábyrgð á fjárstýringu bankans, reikningshaldi og áætlanagerð. Undir sviðið heyra einnig Lögfræðideild og Endurúrreikningur lána.

Hreiðar Bjarnason er framkvæmdastjóri Fjármála.

Hreiðar er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands, er með MSc.-gráðu í fjármálafræðum frá London Business School og hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum.

Hreiðar hóf störf í Landsbanka Íslands hf. árið 1998, fyrst sem sérfræðingur í Markaðsviðskiptum og síðar í Fjárstýringu.

Hreiðar tók við sem framkvæmdastjóri Markaða og fjárstýringar Landsbankans hf. snemma árs 2010, en tók við stöðu sem framkvæmdastjóri Fjármála í ágúst 2012.

Hreiðar er staðgengill bankastjóra.



Rekstur og upplýsingatækni

Rekstur og upplýsingatækni er blandað svið. Allar deildir sviðsins eiga það sameiginlegt að sinna rekstri og þróun á innviðum Landsbankans.

Ragnhildur Geirsdóttir er framkvæmdastjóri Rekstrar og upplýsingatækni.

Ragnhildur lauk CS-prófi í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands 1995, MSc.-prófi í iðnaðarverkfræði frá University of Wisconsin, Madison 1996 og MSc.-prófi í viðskiptafræði frá sama skóla 1998. Ragnhildur hóf störf í Landsbankanum 2012.

Ragnhildur starfaði sem sérfræðingur hjá Fjárfestingabanka atvinnulífsins (FBA) 1998-1999. Á árunum 1999-2005 vann hún hjá Flugleiðum hf./FL Group hf., m.a. sem forstjóri. Ragnhildur var forstjóri Promens hf. 2006-2011.



Innri endurskoðun

Innri endurskoðun leggur mat á stjórnarhætti, áhættustjórnun og eftirlitsaðferðir Landsbankans. Athugunum Innri endurskoðunar er, auk annars, ætlað að veita hæfilega vissu um að bankinn nái markmiðum sínum varðandi skilvirkni, varðveislu eigna, áreiðanleika upplýsinga og að hann fylgi lögum og reglum.

Kristín Baldursdóttir er innri endurskoðandi Landsbankans.

Kristín er hagfræðingur frá Háskóla Íslands, með MPM-gráðu frá sama háskóla, hefur lokið

prófi í verðbréfavíðskiptum og er með alþjóðlega vottun sem innri endurskoðandi.

Kristín hóf störf sem innri endurskoðandi hjá Landsbankanum hf. árið 2009. Áður starfaði Kristín hjá Íslandsbanka um 18 ára skeið sem víðskiptastjóri, verkefnastjóri og forstöðumaður rekstrardeildar bankans.



Regluvarsla

Regluvarsla hefur það hlutverk að veita starfsfólki Landsbankans fræðslu og ráðgjöf vegna laga um verðbréfavíðskipti, hafa eftirlit


með framkvæmd laganna og takmarka eins og kostur er reglu- fylgniáhættu bankans. Þá hefur regluvarsla einnig það hlutverk að annast varnir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Þórður Örlygsson er reglu- vörður Landsbankans.

Þórður er með embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands. Hann hóf störf hjá Landsbankanum árið 2004, fyrst sem sérfræðingur í skuldaúrlausnum en tók við sem regluvörður árið 2005.

Áður starfaði Þórður sem sérfræðingur í lögfræðiráðgjöf hjá Kaupþingi banka hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.

Skipurit Landsbankans



Landsbankinn þinn


Landsbankinn vill að viðskiptavinir finni að með bankanum nái þeir árangri. Landsbankinn ætlar að vera til fyrirmyndar og vera traustur samherji í fjármálum. Markmið bankans er að viðskiptavinir hans geti sagt: Svona á banki að vera.

Í byrjun árs 2015 setti Landsbankinn sér nýja og metnaðarfulla stefnu til ársins 2020. Markvisst hefur verið unnið eftir stefnunni síðan og hefur góður árangur af henni þegar komið í ljós. Í stefnunni eru fimm lykilmarkmið sem snúast um ánægju viðskiptavina, arðsemi bankans, kostnaðarhagkvæmni, hæfilegan áhættuvilja og ánægt starfsfólk.




Landsbankinn leggur áherslu á að styrkja langtíma-samband sitt við viðskiptavinum. Markaðshlutdeild Landsbankans hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár og markaðssóknin hélt áfram á árinu 2015.

Um 85% allra samskipta við banka eru nú rafræn og heimsóknnum í útibú fækkar hratt. Landsbankinn býður viðskiptavinum sínum rafrænar lausnir sem bæði eru fljótlegri og ódýrari en heimsóknir í útibú og aðstoðar þá sem vilja við að nýta sér þær. Netbanki einstaklinga og farsímabankinn hafa verið stórlega endurbættir og áfram verður lögð áhersla á að fjölga sjálfsafgreiðslulausnum og auka notkun þeirra.



Árið 2015 í hnotskurn

Árið 2015 var viðburðaríkt. Markaðshlutdeild bankans jókst, nýr netbanki var tekinn í fulla notkun og farsíma-bankinn uppfærður að verulegu leyti. Mikilvægir áfangar náðust í fjármögnun bankans og tveir sparisjóðir sameinuðust bankanum. Hér fyrir neðan er hægt að fá yfirlit yfir helstu atburði ársins 2015.




1. ársfjórðungur

- » Nýr netbanki einstaklinga var tekinn í notkun í desember 2014 og var ræki-lega kynntur í ársbyrjun 2015
- » Landsbankinn hélt fund um hlutverk leiðtoga og stjórn-enda
- » Kraftur og hugmyndaauði einkenndi UnConference
- » Áframhaldandi hagræðing í Landsbankanum

- » Nýr netbanki valinn besta þjónustusvæðið
- » Hagnaður Landsbankans 29,7 milljarðar króna árið 2014
- » Landsbankinn hélt fund um bættan hag heimila og fyrir-tækja með lægra olíuverði


- » Landsbankinn hlýtur gull-merki Jafnlaunaúttektar PwC
- » Niðurstöður aðalfundar Landsbankans 2015
- » Metaðsókn á ráðstefnu um ferðaþjónustu
- » Samruni Landsbankans og Sparisjóðs Vestmannaeyja



2. ársfjórðungur

- » Landsbankinn selur 10% hlut í Reitum
- » Landsbankinn hagnast um 6,4 milljarða króna á fyrstu þremur mánuðum ársins
- » Ístak, dótturfélag Lands-bankans, selur Ístak Ísland ehf.
- » Landsbankinn skilar inn framvinduskýrslu um ábyrgar fjárfestingar

- » Landsbankinn vinnur að samruna bankans og Sparisjóðs Norðurlands




3. ársfjórðungur

- » Fækkað í framkvæmdastjórn Landsbankans
- » Standar & Poor's hækkar lánshæfiseinkunn Landsbankans í BBB- með jákvæðum horfum
- » Landsbankinn stoltur bak-hjarl hinsegin daga
- » Landsbankinn hagnast um 12,4 milljarða króna á fyrri helmingi ársins 2015
- » Líf og fjör í Landsbankanum

á Menningarnótt

- » Samruni Landsbankans og Sparisjóðs Norðurlands samþykktur
- » Landsbankinn og slitastjórn LBI gera með sér samkomulag um fyrirframgreiðslu skuldabréfa
- » Landsbankinn hélt fund um stöðu og horfur á fjarskiptamarkaði



4. ársfjórðungur

- » Landsbankinn gefur út skuldabréf í evrum
- » Landsbankinn hagnaðist um 12 milljarða króna á þriðja ársfjórðungi 2015

- » Landsbankinn hlýtur alþjóðlega vottun í upplýsingaöryggi
- » Hagspá Landsbankans kynnt í Hörpu
- » Landsbankinn undirritar loftlagsyfirlýsingu
- » Standard & Poor's staðfestir lánshæfiseinkunn Landsbankans
- » Landsbankinn gefur út skuldabréf í norskum og sænskum krónum
- » Landsbankinn fær lán í evrum frá Norræna fjárfestingarbankanum
- » Samið við Hríseyjarbúðina um afgreiðslu reiðufjár
- » Útibúið í Vestmannaeyjum opnað eftir gagngerar endurbætur

Stefna og lykilmarkmið

Í byrjun árs 2015 setti Landsbankinn sér nýja og metnaðarfulla stefnu til ársins 2020. Stefnan miðar að því að viðskiptavinir finni að með Landsbankanum nái þeir árangri og að bankinn og viðskiptavinir hans njóti gagnkvæms ávinnings. Grundvallaratriði í stefnu bankans er að hann verði til fyrirmyndar og sé traustur samherji í fjármálum.

Fimm lykilmarkmið og sjö verkstraumar

Stefna Landsbankans til 2020 er byggð á sama grunni og unnið var eftir á árunum 2010-2015. Í ársbyrjun 2015 var hert á áherslum og ný verkefni kynnt til sögunnar. Til að fylgja eftir innleiðingu stefnunnar til 2020 skilgreindi bankinn fimm lykilmarkmið og sjö verkstrauma sem eiga að tryggja innleiðingu hennar.



— HLU TVERK —
**TRAUSTUR
SAMHERJI
í fjármálum**

Lykilmarkmiðin fimm snúast um:

- » Ánægða viðskiptavinir
- » Arðsemi bankans
- » Kostnaðarhagkvæmni
- » Áhættuvilja
- » Ánægt starfsfólk

Landsbankinn vinnur markvisst að því að auka ánægju og tryggð viðskiptavina. Viðhorfskannanir sem gerðar eru með reglulegu millibili gefa mikilvægar vísendingar um það hvernig bankanum gengur að ná því markmiði. Kannanir á þjónustu bankans á árinu 2015 sýndu að viðskiptavinir bankans eru ánægðir með þjónustuna og að bankinn er á réttri leið.

Mæling á þjónustugæðum útibúa sýndi t.a.m. mikla ánægju með þjónustuna. Könnun um fasteignalán leiddi sömuleiðis í ljós að viðskiptavinir Landsbankans voru mjög ánægðir með þjónustuna. Raunar sýndi könnunin að viðskiptavinir bankans voru ánægðari en viðskiptavinir

keppinauta bankans á þessum markaði. Landsbankinn hefur lagt mikla áherslu á að veita sem besta þjónustu á þessu sviði sem öðrum og því var niðurstaðan afar ánægjuleg.

Í byrjun árs 2015 setti Landsbankinn sér þá stefnu að ná arðsemi af reglubundnum rekstri bankans yfir 10% á næstu fjórum árum.


Stórir einsskiptisliðir, aðallega jákvæðar virðisbreytingar útlána, settu mark sitt á uppgjör ársins 2015 en arðsemi eiginfjár bankans var í fyrra 14,8%. Leiðrétt arðsemi, þ.e. að frádrögnum virðisbreytingum útlána o.fl., var 10,6% og er til marks um batnandi rekstur bankans.

Arðsemi eiginfjár 2015



Stefna Landsbankans um að lækka kostnað hefur skilað árangri. Kostnaðarhlutfall lækkaði verulega á milli ára, eða úr 56% árið 2014 í 43,8% árið 2015. Þá lækkuðu laun og annar rekstrar-kostnaður um 1,5% frá fyrra ári.

Áhættumörk og markmið áhættuvilja bankans eru notuð sem stýritæki til að ná viðunandi áhættustöðu fyrir heildarstarfsemi bankans. Stjórnendur og starfsfólk stefna þannig að því á hverjum tíma að áhætta, sem bankinn tekur, sé innan áhættumarka í samræmi við settan áhættuvilja. Á árinu 2015 gekk vel að draga úr áhættu og í lok árs var heildaráhættustaða bankans í höfuðatriðum vel innan marka áhættuviljans. Áhættuviljinn hefur verið endurskoðaður og endurbættur fyrir árið 2016. Hann endurspeglar metnaðarfull markmið bankans til framtíðar.



Landsbankinn mælir reglulega viðhorf starfsfólks til bankans og fær til þess sérfræðinga utan bankans. Mikil áhersla er lögð á þjálfun og fræðslu starfsmanna, svo og árlegt frammistöðumat sem skilað hefur góðum árangri.

Í verkstraumunum sjö sem eiga að tryggja innleiðingu stefnunnar koma fram skýr markmið og í þeim eru talin upp verkefni sem unnið verður að til ársins 2020. Hverjum verkstraumi er ætlað að hafa tiltekin, mælanleg áhrif á arðsemi eiginfjár bankans.

Sjö verkstraumar til að innleiða stefnuna

Verkstraumarnir, og þau verkefni sem undir þá falla, taka á mikilvægum umbótaverkefnum í rekstri bankans.

Ljóst er að bankinn getur ekki



reitt sig á miklar tekjur vegna jákvæðra virðisbreytinga til framtíðar og því er mikilvægt að reglubundinn rekstur bankans sé sem hagkvæmastur. Áfram er unnið að því að draga úr kostnaði, endurnýja upplýsingakerfi og þá er húsnæði höfuðstöðva bankans dýrt og óhagkvæmt.

Árangursmiðuð menning

Mikil áhersla er lögð á árangursmiðaða vinnustaðamenningu innan Landsbankans og er litið svo á að sterkari fyrirtækjamening sé lykilþáttur til að ná góðum árangri. Markvisst hefur verið unnið að því að efla fyrirtækja-

menningu í bankanum undanfarna mánuði og hefur árangurinn verið mjög góður.

Það sem einkennir fyrirtækjameningu bankans er:

- » Viðskiptavinurinn er settur í forgang.
- » Öflugt samstarf og stöðugar framfarir.
- » Hver og einn tekur ábyrgð á að árangur náist.
- » Við gerum þetta saman.

SÝN

Landsbankinn

ER TIL FYRIRMYNDAR

Innleiðingu stefnunnar er stýrt með skipulögðum hætti og reglubundið mat er lagt á árangur. Að mati Landsbankans hefur ný stefna þegar skilað eftirtektarverðum árangri.

Afkoma ríkisins af eignarhlut í Landsbankanum

Landsbankinn hf. var stofnaður 7. október 2008 með hlutfjárframlagi ríkissjóðs sem til bráðabirgða var að fjárhæð 775 milljónir króna. Við tóku samningaviðræður við kröfuhafa bankans um verðmæti eigna sem fluttar yrðu í bankann. Í desember 2009 var samkomulag undirritað á milli ríkis og fulltrúa slitastjórnarinnar (LBI hf.) um að ríkissjóður myndi eignast stærstan hluta í bankanum gegn 122 milljarða króna greiðslu. Framlag ríkisins samanstóð af 775 milljónunum, sem fyrr voru nefndar, og útgáfu skuldabréfs til 10 ára. Bréfið er með einn gjalddaga, í október 2018. Þar með eignaðist ríkið 81,3% í bankanum auk möguleika á að eignast allt

að 16,6% til viðbótar án sérstaks endurgjalds en dótturfélag LBI, Landskil, átti 18,7%. Skuldabréfið er á fljóttandi innlánsvöxtum Seðlabanka Íslands og hefur ríkið greitt af því vexti frá því að samningar tókust.

Í árslok 2015 átti ríkið 23.567 milljónir eignarhluta í bankanum eða 98,2% af útgefnum hlutfé. Ef frá eru dregin hlutabréf í eigu bankans er eignarhlutur ríkisins

99,1% af útgefnum hlutfé, þar af 98,8% vegna upphaflegu fjárfestingarinnar.

Eigið fé Landsbankans um áramót var 264,5 milljarðar króna. Ríkissjóður hefur greitt 54,5 milljarða í vexti af fyrrnefndu skuldabréfi frá 2009. Á sama tíma hefur ríkið fengið um 53 milljarða í arð en verði tillaga, sem lögð verður fyrir aðalfund í apríl 2016, samþykkt munu arðgreiðslur til ríkisins nema um 81 milljarði. Þar með mun ríkið hafa fengið alla vexti, sem það hefur greitt vegna skuldabréfsins, endurgreidda með vöxtum og 17 milljörðum betur. Ríkið skuldar engu að síður enn 122 milljarða vegna skuldabréfaútgáfunnar 2009. Ávinningur ríkisins nemur því um 128,4 milljörðum króna miðað við bókfært eigið fé bankans.

Þróun eignarhlutar ríkisins

Upphafleg fjárfesting	-122.000
Verðmæti eignarhlutar nú*	261.398
Virðisbreyting	139.398
Greiddir vextir	-54.553
Mótttekinn arður	52.875
Núvirðing vaxta- og arðgreiðslna	-9.289
Hreinn fjármagnskostnaður	-10.967
Hrein afkoma ríkisins	128.431

* Miðað við bókfært eigið fé 31.12.2015
Allar tölur í milljónum króna

Ábyrg markaðssókn


Stefna Landsbankans er að vera samherji viðskiptavina í fjármálum. Hann stundar ábyrga markaðssókn og leggur áherslu á að skapa gagnkvæman ávinning og styrkja langtímasamband sitt við viðskiptavini. Á árinu 2015 jókst markaðshlutdeild Landsbankans á flestum sviðum.

Landsbankinn er stærsti bankinn á Íslandi. Bankinn er með mestu hlutdeild á einstaklingsmarkaði og með mestu hlutdeild í útlánunum til fyrirtækja. Á árinu 2015 var hann með mestu hlutdeild á hlutabréfamarkaði og var næststærstur á skuldabréfamarkaði.

Flestir í viðskiptum við Landsbankann

Markaðshlutdeild Landsbankans á einstaklingsmarkaði jókst umtalsvert á árinu 2015 en samkvæmt könnun Gallup mældist hún 36,1% í árslok 2015 og hefur aldrei mælst meiri.

Landsbankinn er stærsti banki landsins, m.a. í ljósi þessa mælikvarða en einnig ef miðað er við fjölda viðskiptavina, efnahag, eignir, fjölda útibúa og fleira. Markaðshlutdeild Landsbankans hefur aukist um 8 prósentustig frá árinu 2010.




Þróun og breytingar á starfsemi útibúa bankans var í brennidepli á árinu 2015. Þróun útibúa felst einnig í að auka áherslu á ráðgjöf. Í ársbyrjun 2015 hóf Landsbankinn að bjóða upp á 360° ráðgjöf sem er heildstæð fjármálaráðgjöf sem stendur öllum viðskiptavinum til boða.

Aukin umsvif á íbúðalánamarkaði

Íbúðalán Landsbankans jukust mjög á milli árunna 2014 og 2015 og jókst fjárhæð nýrra íbúðalána um 30% á milli ára. Alls

lánaði bankinn 70,7 milljarða í ný íbúðalán á árinu 2015. Af þeirri upphæð voru um 63% verðtryggð og 37% óverðtryggð. Markaðshlutdeild Landsbankans í nýjum íbúðalánunum var 38,2% á árinu.


Skýringin á auknum umsvifum bankans á íbúðalánamarkaði er tvíþætt: Annars vegar aukin fasteignaviðskipti og verðhækkun fasteigna og hins vegar – og enn frekar – að Landsbankinn bauð hagstæðari kjör og leitaðist við að veita viðskiptavinum vandaða ráðgjöf samhliða því að leggja áherslu á skjót og fagleg vinnubrögð við lánveitingar, þ.m.t. við greiðslumat.



Alls skráði bankinn um 5.700 ný íbúðalán í bækur sínar á árinu 2015 til um 3.400 einstaklinga og er þá bæði átt við ný lán og lán vegna endurfjármögnunar.


Það er ánægjulegt að lántakendur hjá Landsbankanum eru ánægðari með ráðgjöf, ferlið við afgreiðslu og afhendingu lánanna en lántakendur hjá keppinautum, samkvæmt könnun Gallup.


Samkvæmt könnun Gallup mældist markaðshlutdeild Bíla- og tækjafjármögnunar Landsbankans 37,1% meðal þeirra fyrirtækja sem bjóða sérhæfða bíla- og tækjafjármögnun.



Umsvifamestur í bíla- og tækjafjármögnun

Starfsemi Bíla- og tækjafjármögnunar Landsbankans gekk vel á árinu 2015 og jukust útlán um 36% miðað við árið 2014. Aukin viðskipti við fyrirtæki voru fyrirferðarmest í starfseminni en eftir sem áður var Landsbankinn umsvifamestur íslensku bankanna á einstaklingsmarkaði, hvað varðar fjármögnun bíla og tækja.





Safna sífelld fleiri Aukakrónum

Á árinu 2015 söfnuðu viðskiptavinir Landsbankans um 230 milljónum Aukakróna inn á kortin sín og hafa Aukakrónum aldrei verið fleiri. Aukakrónum eru fríðindakerfi sem tengist notkun á kreditkortum, svokölluðum A-kortum.

Þegar korthafi notar A-kort fær hann greiddar Aukakrónum frá Landsbankanum, annars vegar sem hlutfall af innlendri veltu og hins vegar frá samstarfsaðilum Aukakróna sem endurgreiðsluafslátt. Á árinu 2015 fjölgaði þeim sem tengja greiðslukort sín við Aukakrónum um 6.000 og eru Aukakrónumkorthafar nú alls 45.000 talsins.

Innlán

Innlán frá viðskiptavinum eru mikilvægasti þátturinn í fjármögnun Landsbankans. Innlán frá viðskiptavinum námu alls 559 milljörðum króna í árslok 2015 og höfðu þau hækkað um 7,6 milljarða á milli ára, eða um 1,4%, þrátt fyrir verulegt útlæði innlána til fjármálafyrirtækja í slitameðferð fyrir árslok 2015.

Útlán

Landsbankinn lánaði 225 milljarða króna í ný útlán en að teknu tilliti til afborgana, virðisbreytinga og fleiri þátta jukust heildarútlán bankans um samtals 93 milljarða króna. Alls voru útlán

bankans 811 milljarðar króna í árslok 2015. Aukningin er fyrst og fremst vegna íbúðalána.

Öflug og fjölbreytt þjónusta við fyrirtæki

Þróttmikið og vaxandi hagkerfi þarf öfluga og fjölbreytta bankaþjónustu. Landsbankinn vill mæta þessum þörfum og kappkostar að veita fyrirtækjum víðtæka fjármálaþjónustu. Fyrirtæki í viðskiptum við Landsbankann hafa aðgang að víðfeðmasta útibúaneti landsins en viðskiptavinir nýta sér einnig í síauknum mæli rafrænar lausnir í gegnum netið svo og sjálfsafgreiðslulausnir í útibúum.

Fyrirtækjamiðstöðin í Borgartúni 33, sem veitir minni og meðal-

stórum fyrirtækjum á öllu höfuðborgarsvæðinu þjónustu, hélt áfram að vaxa og þróast á árinu 2015. Ánægja viðskiptavina jókst frá árinu 2015 samkvæmt könnun Gallup. Ljóst er að þetta nýja fyrirkomulag, þar sem allir starfsmenn fyrirtækjaþjónustu Landsbankans á höfuðborgarsvæðinu eru samankomnir á einum stað, skilar sér í betri þjónustu til viðskiptavina. Önnur þjónusta Landsbankans í Borgartúni 33, þ.e. einstaklingsútibú, útibú Bíla- og tækjafjármögnunar og Landsbréf, hefur enn fremur stutt við þessa breytingu.

Staða Landsbankans á fyrirtækjemarkaði á landsbyggðinni er firnasterk og styrktist enn frekar á árinu 2015, m.a. með samruna við Sparisjóð Norðurlands og Sparisjóð Vestmannaeyja. Landsbankinn er með yfirburðamarkaðshlutdeild á meðal fyrirtækja á landsbyggðinni og kannanir Gallup sýna mikla ánægju viðskiptavina.



Stóraukin notkun var á öllum raf-rænum dreifileiðum bankans til fyrirtækja á árinu, s.s. netbanka fyrirtækja og B2B-þjónustu sem er sérstök viðbót við netbanka fyrirtækja, til gagnaflutnings milli bankans og bókhaldskerfis fyrirtækis.



Þessi þróun kemur ekki á óvart þar sem netbanki fyrirtækja eykur skilvirkni og yfirsýn yfir fjármál fyrirtækja. Netbankinn er í senn upplýsingaveita og aðgerðastöð sem auðveldar fyrirtækjum að taka ákvarðanir. Lykillinn að betri árangri fyrirtækja í samkeppnisumhverfi felst í aukinni hagræðingu og betri yfirsýn og með því að þróa sífellt fjölbreyttari og betri lausnir í netbanka fyrirtækja vill Landsbankinn koma til móts við þessar þarfir.

*Samkvæmt upplýsingum í ársreikningum Landsbankans, Íslandsbanka og Arion banka fyrir árið 2015.

Hóflegur vöxtur í útlánunum til fyrirtækja

Landsbankinn leggur mikla áherslu á að veita fyrirtækjum framúrskarandi þjónustu og byggja upp viðskiptasambönd til langs tíma. Landsbankinn vill vera hreyfiafl í atvinnulífinu og veita fyrirtækjum um land allt bestu fjármálaþjónustu sem völ er á. Árið 2015 einkenndist af hóflegum vexti útlána til fyrirtækja í flestum atvinnugreinum. Í árslok 2015 var bankinn sem fyrr stærsti lánveitandinn til fyrirtækja af stóru viðskiptabönkunum þremur. Á árinu 2015 var vöxtur útlána mestur til fyrirtækja í fasteignaviðskiptum og byggingastarfsemi og vó þar þyngst mannvirkjagerð í ferðaþjónustu. Útlán til fyrirtækja í sjávarútvegi stóðu því sem næst í stað árið 2015 en engu að síður var markaðshlutdeild Landsbankans í útlánunum til fyrirtækja í þeirri atvinnugrein langmest.*

Sjávarútvegur

Sjávarútvegur hefur alla tíð skipað sérstakan sess hjá Landsbankanum og er samofinn sögu hans frá upphafi. Sjávarútvegurinn og atvinna tengd honum eru burðarstöðir í íslensku atvinnulífi og hefur nýsköpun og þróun

í greininni verið eftirtektarverð undanfarin misseri. Bankinn kom að fjölda stórra fjárfestingarverkefna í sjávarútvegi á liðnu ári, s.s. fjármögnun á skipakaupum, fiskverksmiðjum og kaupum á félögum.

Landsbankinn vill halda áfram að taka virkan þátt í þeirri þróun sem á sér stað í íslenskum sjávarútvegi og leggja sitt af mörkum til nýrra og góðra verkefna. Liður í stuðningi bankans við framþróun í greininni er samstarfssamningur bankans við Sjávarklasann á Grandagarði.

Mannvirkjagerð

Landsbankinn kom að fjármögnun fjölda stórra verkefna í mannvirkjagerð, bæði á sviði íbúðabygginga og hótela. Bankinn fjármagnar byggingu fjölda íbúðarhúsa sem nú eru í byggingu, m.a. byggingu 144 íbúða við Grandaveg í Reykjavík og byggingu 175 íbúða við Máratún í Reykjavík.

Á árinu var lokið við nokkur hótél í Reykjavík sem bankinn fjármagnaði, s.s. Skugga Hótel við Hverfisgötu, Storm Hótel við Þórunnartún, viðbyggingu við Hótel Klett við Mjöllnisholt og viðbyggingu við Icelandair Hotel Marina við Mýrargötu. Í byggingu eru síðan Icelandair Hotel við Hafnarstræti og Hilton Canopy hótél á

Hljómalindarreit, en þau eru bæði fjármögnuð af Landsbankanum.

Ferðaþjónusta

Landsbankinn styður uppbyggingu ferðaþjónustu með ýmsum hætti. Bankinn fylgist vel með þróun greinarinnar enda hefur hún vaxið mikið undanfarin ár og er ferðaþjónusta nú sú atvinnugrein sem skilar mestum gjaldeyri til þjóðarbúsins. Bankinn á aðild að Íslenska ferðaklasanum og studdi áfram markaðsverkefnið Ísland allt árið eins og hann hefur gert frá árinu 2012.

Ráðstefnur

Á vormánuðum stóð Landsbankinn fyrir ráðstefnu um ferðaþjónustu undir yfirskriftinni Eru milljón ferðamenn vandamál? Af því tilefni kynnti Hagfræðideildin nýja og ítarlega úttekt bankans á mikilvægi ferðaþjónustunnar í íslensku efnahagslífi.

Landsbankinn stóð fyrir fjölda funda og ráðstefna um margvísleg málefni á árinu. Bankinn hélt m.a. fundi um hlutverk leiðtoga og stjórnenda, um olíuverð og áhrif þess á hag heimila og fyrirtækja og fund um notkun samfélagsmiðla í markaðsstarfi. Enn fremur stóð bankinn fyrir ráðstefnu um stöðu, þróun og tækifæri á fjar-

skiptamarkaðnum. Vel yfir 2.000 manns sóttu fundi bankans á árinu.


Svokallað klasasamstarf hefur aukist á Íslandi á síðustu árum og tók bankinn þátt í stofnun tveggja slíkra klasa á síðasta ári. Bankinn er þátttakandi í íslenska jarðvarmaklasanum – Iceland Geothermal Cluster. Tilgangur klasans er að efla samkeppnishæfni innan hins íslenska jarðvarmaklasa með virðisauka greinarinnar og bætta nýtingu auðlindarinnar að leiðarljósi. Bankinn var jafnframt einn af stofnaðilum Álklasans sem stofnaður var í júní 2015. Markmið þess klasa er að efla samkeppnishæfni með virðisauka fyrir viðkomandi fyrirtæki og auka sýnileika, rannsóknir og nýsköpun á þessu sviði.

Markaðir

Landsbankinn leggur áherslu á að taka þátt í þeirri uppbyggingu sem á sér stað á íslenskum verðbréfamarkaði. Hjá Mörkuðum Landsbankans er veitt þjónusta sem snýr að sölu og miðlun verðbréfa, viðskiptavakt, fyrirtækjaráðgjöf, eignastýringu og einkabankaþjónustu.

Landsbankinn með mestu hlutdeild á hlutabréfamarkaði


Á árinu 2015 var Landsbankinn með mestu hlutdeildina á hlutabréfamarkaði í Kauphöll Íslands, eða 26,4%. Þá var bankinn næststærstur á skuldabréfamarkaði með 20,6% hlutdeild. Kauphallaradilar eru samtals átta og því ljóst að bankinn er leiðandi á markaði með skráð verðbréf.



Markaðir önnuðust ýmis verkefni er tengjast skulda- og hlutabréfamörkuðum á árinu 2015. Þar má nefna umsjón með sölu á 14,5 milljörðum króna af sértryggðum bréfum bankans, sölu á 10% hlut bankans í fasteignafélaginu Reitum og sölu á 8,5% hlut í Marel. Þá skrifaði bankinn undir samninga um viðskiptavakt með hlutabréf Símans, Reita og sértryggð skuldabréf Arion banka og Íslandsbanka.

Á árinu sá Fyrirtækjaráðgjöf bankans um sölu á Ellingsen, Ístaki og Promens og veitti ráðgjöf vegna kaupa Regins á fasteignasöfnum Ósvarar ehf. og CFV1 ehf.

Umfang eignastýringarstarfsemi jókst á árinu eins og undanfarin ár. Heildareignir í stýringu samstæðu Landsbankans námu 340 milljörðum króna í árslok 2015 en voru 280 milljarðar í lok árs 2014.



Landsbankinn er helsti söluaðili verðbréfa- og fjárfestingarsjóða Landsbréfa og var veruleg aukning í nýsölu sjóðanna á árinu.

Á árinu 2015 fjölgaði viðskiptavinum í áskrift að sjóðum Landsbréfa um 44%.

Lífeyrissparnaður

Landsbankinn býður viðskiptavinum sínum fjölbreyttar leiðir við lífeyrissparnað og þessi þáttur í starfi bankans hefur vaxið jafnt

og þétt á síðustu árum. Bankinn býður bæði upp á sjóði fyrir lög bundinn lífeyrissparnað og viðbótarsparnað.

Lífeyrissparnaður Landsbankans

Íslenski lífeyrissjóðurinn, sem er rekinn af Landsbankanum, býður fjölbreyttar ávöxtunarleiðir en auk þess býður bankinn sjálfur upp á ýmsar leiðir til lífeyrissparnaðar. Í Lífeyrisbók Landsbankans er hægt að velja á milli verðtryggðra og óverðtryggðra innlánsreikninga og hægt er að leggja lífeyrissparnað inn á Fjárvörslureikning Landsbankans sem er safn erlendra verðbréfa.

Viðskiptavinir Landsbankans eiga nú yfir 100 milljarða í lífeyrissparnaðarleiðum sem reknar eru af Landsbankanum. Mánaðarleg iðgjöld hafa farið ört vaxandi og nálgast einn milljarð króna á mánuði.



Landsbankinn leggur mikla áherslu á vandaða ráðgjöf og góða þjónustu á sviði lífeyrismála. Allir samningar um lífeyrissparnað eru gerðir af starfsmönnum bankans sjálfs.

Á árunum 2013-2015 gerðu 13 þúsund einstaklingar samning við Landsbankann um viðbótarsparnað. Samningum um lögbundinn lífeyrissparnað fjölgaði um 73% á milli ára 2014 og 2015.

Ávöxtun Íslenska lífeyrissjóðsins var afar góð á árinu 2015. Þannig var raunávöxtun samtryggingardeildar 11,55%. Ávöxtun séreignarleidda var sömuleiðis mjög góð en raunávöxtun í ávöxtunarleiddinni Líf I var 13,78%. Ávöxtun sjóðsins var vel yfir meðalávöxtun lífeyrissjóða á árinu 2015.

Eignir í stýringu hjá Eignastýringu Landsbankans hafa vaxið verulega milli ára. Mestur vöxtur átti sér stað á síðasta ári en þá jukust eignirnar úr 168 milljörðum króna í 210 milljarða króna eða um ríflega 25%. Ástæður góðs gengis í eignastýringu má rekja til góðrar ávöxtunar sjóða, mikils innflæðis frá nýjum og eldri viðskiptavinum og flutnings til bankans frá öðrum, bæði í lífeyrissparnaði og eignastýringu.

Fyrirtæki hafa í auknum mæli leitað til Landsbankans með lausafjárstýringu en Veltubréf eru orðin stærsti lausafjárstöður landsins.

Útgáfa Hagfræðideildar

Þjóðhagsgreiningar

Þjóðhagur	2
Ferðapjónustuskýrsla	1
Vikubyrjun	50
Hagsjá	112
Gjaldeyrismarkaður	11
Skuldabréf	4
Þjóðhagfræði	7
Alls	187

Hlutabréf

Verðmat	19
Afkomuspá	33
Viðbrögð við afkomu	35
Umfjöllun um hlutabréfamarkað	9
Flutningatölur í flugi	8
Hluthafalistar	52
Alls	156

Samtals opinberar útgáfur

343

Viðamikil útgáfa Hagfræðideildar

Hagfræðideild Landsbankans gegnir lykilhlutverki við að móta sýn Landsbankans á þróun og horfur í efnahagslífinu, innanlands og utan. Deildin annast greiningu á hagkerfinu og gefur út þjóðhags- og verðbólguþár,

auk þess að sinna atvinnuvega-greiningum og öðrum sérhæfðari verkefnum. Deildin annast einnig greiningu og verðmat á skráðum félögum á markaði. Á árinu 2015 gaf Hagfræðideild alls út 343 greiningar, þar af 187 greiningar og spár um efnahagsmál og 156 greiningar í tengslum við skráð félög á hlutabréfamarkaði.

Þróun í bankastarfsemi


Viðskiptavinir vilja hafa aðgang að upplýsingum um fjármál sín og geta millifært og greitt reikninga á netinu hvenær og hvar sem er. Á næstu árum verður hægt að sinna enn fleiri þáttum bankaviðskipta með rafrænum hætti. Landsbankinn leggur mikla áherslu á að þróa tæknilausnir fyrir nýja tíma í bankaþjónustu.

Í árslok 2014 rak Landsbankinn 32 útibú og afgangslur. Eftir sameiningu Landsbankans og Sparisjóðs Vestmannaeyja og Sparisjóðs Norðurlands árið 2015 fjölgaði útibúum og afgangslum bankans að nýju og eru þau nú 38.

Betri bankaviðskipti

Þróun og breytingar á starfsemi útibúa bankans var í brennidepli á árinu 2015. Hjá bankanum gengur þróunarverkefnið undir heitinu Betri bankaviðskipti. Verkefnið felst m.a. í því að bæta aðgengi

viðskiptavina að sjálfsafgreiðslulausnum, s.s. netbönkum og hraðbönkum, en ekki síður í því að aðstoða þá við að nýta sér tæknina. Þannig fjölgar valkostum sem þeim standa til boða og þeir geta átt betri bankaviðskipti. Sumarið 2015 var útibúi Landsbankans í Grafarholti breytt til samræmis við þessa stefnu bankans. Nánar er fjallað um breytingar á útibúaneti Landsbankans í samfélagsskýrslu bankans fyrir árið 2015.



Þróun útibúa felst einnig í að auka áherslu á ráðgjöf. Í ársbyrjun 2015 hóf Landsbankinn að bjóða upp á 360° ráðgjöf sem er heildstæð fjármálaráðgjöf sem stendur öllum viðskiptavinum til boða. Ráðgjöfin fer þannig fram að sérfræðingur í útibúi hittir eða hringir í viðskiptavin útibúsins og saman fara þeir yfir fjármál viðskiptavinarins frá öllum hliðum. Fjallað er um lán og mismunandi lánsform, um sparnað, tryggingar, viðbótarlífeyrissparnað og fleira.

Sé niðurstaðan sú að breytingar séu viðskiptavininum til hagsbóta sér útibúið um að gera breytingarnar. Viðskiptavinir hafa lýst ánægju með þessa ráðgjöf og áfram verður lögð áhersla á hana á árinu 2016.

Á árinu 2015 veittu sérfræðingar bankans hátt í 4.800 viðskiptavinum heildstæða fjármálaráðgjöf undir merkjum 360° ráðgjafar.

Betri netbankar og nýjar tæknilausnir

Landsbankinn vinnur stöðugt að því að bæta tæknilausnir sínar. Undanfarin ár hefur mikil áhersla verið lögð á endurnýjun á netbönkum. Nýr netbanki einstaklinga var tekinn í notkun í árslok 2014 og haustið 2015 var nýrri útgáfu af farsímabankanum – l.is – hleypt af stökkunum. Aðgerðum sem hægt er að framkvæma í




farsímabankanum var fjölgað til mikilla muna, virknin einfölduð og útlitinu breytt.

Netbankalausnir fyrirtækja eru í stöðugri framþróun. Á árinu var nýtt farsímaapp fyrir innskráningar í netbanka fyrirtækja tekið í notkun. Appið gegnir sama hlutverki og innskráningarlyklar og kemur í þeirra stað. Landsbankinn er fyrsti íslenski bankinn sem býður þessa lausn og hefur hún

mælst vel fyrir meðal viðskiptavina. Notkun á netbankanum jókst umtalsvert frá fyrra ári. Fyrirtækjum sem nota netbankann fjölgaði um 6% og almenn notkun netbankans jókst um 7%.

Tækninýjungar hafa leitt til mikilla breytinga á viðskiptaháttum en viðskiptavinir Landsbankans leysa nú úr um 85% af erindum sínum við bankann með rafrænum hætti, s.s. í netbanka og farsímabanka.





Innskráningum í netbanka einstaklinga fjölgað jafnt og þétt. Á árinu 2015 fjölgaði innskráningum í netbankann um 10%. Virkum notendum hélt áfram að fjölga og í árslok 2015 töldust um 100.000 einstaklingar til virkra notenda.

Notkun farsímabankans jókst enn meira, eða um 64%. Búast má við að á næstu árum muni hlutfall þeirra sem nota farsímabankann, fremur en netbankann, enn aukast. Í raun og veru virðist aðeins vera tímaspursmál hvenær


notkun farsímabankans verði meiri en notkun netbankans.

Landsbankinn hefur undanfarin ár fjölgað hraðbönkum af nýrri kynslóð en í þeim er bæði hægt að taka út og leggja inn reiðufé. Samhliða fjölgun þessara innlagnarhraðbanka hefur notkun þeirra aukist til mikilla muna.

Notkun hraðbanka stóð nokkurn veginn í stað á milli ára. Á hinn bóginn hækkaði heildarupphæð reiðufjár sem tekið var út um 9% á

milli áráanna 2014 og 2015. Heildarnotkun reiðufjár á Íslandi jókst álíka mikið á sama tímabili, skv. samantekt Seðlabanka Íslands. Að mati Seðlabankans er líklegt að fjölgun erlendra ferðamanna skýri stóran hluta þessarar aukningar. Töluverð aukning verður á notkun á hraðbönkum Landsbankans að sumarlagi, færslum fjölga og hærri upphæð er tekin út. Aukin notkun hraðbanka yfir háannatímann í ferðajónustu rennir stóðum undir fyrrnefnda kenningu Seðlabankans.

Útibú og afgreiðslur Landsbankans 2008-2015



Sem fyrr rekur Landsbankinn víðfeðmasta hraðbankanetið á Íslandi en í árslok 2015 rak bankinn 78 hraðbanka á 64 stöðum víða um land.

Innlána- og greiðslukerfi bankans endurnýjuð

Á árinu 2015 var unnið af krafti að einu stærsta hugbúnaðarverkefni sem bankinn hefur ráðist í, þ.e. endurnýjun á innlána- og

greiðslukerfum bankans, samhliða endurnýjun á grunnkerfum Reiknistofu bankanna. Breytingarnar munu leiða til sparnaðar og hagræðingar fyrir bankann, m.a. vegna þess að hægt verður að fækka upplýsingakerfum sem mörg eru komin til ára sinna. Draga mun úr handskráningu, gagnaöryggi mun aukast og þróun verður auðveldari.


Breytingar á útibúaneti

Breytingar urðu á afgreiðslum og útibúum Landsbankans, einkum í tengslum við samruna Sparisjóðs Vestmannaeyja og Sparisjóðs Norðurlands við bankann á árinu 2015. Í byrjun árs rak Landsbankinn 32 útibú og afgreiðslur en 38 í árslok. Landsbankinn rekur sem fyrr langvíðfeðmasta útibúanet íslenskra banka.

Mannauður og samfélag


Landsbankinn vill vera til fyrirmyndar og ætlar sér veigamikla hlutverk í uppbyggingu velferðar í íslensku samfélagi. Samfélagsábyrgð er mikilvægur þáttur í starfi Landsbankans og rík áhersla er lögð á að hún sé samþætt stefnumörkun bankans í heild.

Bankinn leggur áherslu á að tryggja jafnrétti í launum og starfstækifærum. Á árinu 2015 hlaut Landsbankinn gullmerki jafnlaunaúttektar PwC fyrstur banka á Íslandi. Bankinn hefur það að markmiði að hlutur hvors kyns um sig í forystusveit bankans verði aldrei minni en 40%.



Landsbankinn hefur það að leiðarljósi að tekið sé tillit til umhverfispáttá, félagslegra þátta og viðmiða um góða stjórnarhætti í starfsemi bankans. Bankinn hefur verið aðili að UN Global Compact í tíu ár en samningurinn snýst um að fyrirtæki skuldbindi sig til að sýna samfélagsábyrgð í verki.

Það er stefna Landsbankans að vera hreyfiafl í samfélaginu. Bankinn styður fjölmörg samfélagsverkefni með beinum fjárframlögum og samstarfssamningum.



Landsbankinn tekur virkan þátt í mörgum samstarfsverkefnum til að stuðla að uppbyggingu og framþróun í samfélaginu. Verkefnin eru fjölbreytt og snerta margar hliðar samfélagsins, s.s menningu, fræðslu, nýsköpun, ferðaþjónustu og lýðheilsu.


Mannauður

Landsbankinn vill vera eftirsóttur vinnustaður þar sem metnaður, frumkvæði og hæfileikar starfsfólks fá notið sín. Bankinn hefur innleitt aðferðafræði árangursstjórnunar til að styðja öfluga fyrirtækjamenningu þar sem allir starfsmenn bera ábyrgð á árangri.

Mannauðsstefna Landsbankans endurspeglar áherslu bankans á gott starfsumhverfi þar sem starfsánægja og öflug þekkingarmiðlun er í fyrirrúmi. Bankinn leggur áherslu á að tryggja jafnrétti í launum og starfstækifærum.

Jafnréttismál

Landsbankinn hefur unnið markvisst að jafnréttismálum í gegnum tíðina og birt eigin greiningar um laun kynjanna. Á árinu 2015 hlaut Landsbankinn gullmerki jafnlaunaúttektar PwC. Landsbankinn



var fyrstur banka á Íslandi til að hljóta gullmerkið og er stærsta fyrirtækið á Íslandi sem hefur fengið þessa viðurkenningu.



Bankinn leggur áherslu á að tryggja jafnrétti í launum og starfstækifærum. Gullmerki PwC er mikilvæg staðfesting á stöðu jafnréttismála í bankanum og er jafnframt hvatning til að viðhalda þeirri stöðu til framtíðar. Í jafnréttisstefnu bankans kemur m.a. fram að í Landsbankanum skuli karlar og konur hafa jafna möguleika til starfsframa og njóta sömu réttinda í starfi.

Í stefnunni kemur einnig fram að Landsbankinn stefni að jöfnu hlutfalli kynja meðal starfsmanna, að störf flokkist ekki sem karla- eða kvennastörf og að konum og körlum skuli greidd sömu laun fyrir jafnverðmæt störf. Þá líðst hvorki einelti, fordómar né kynbundin eða kynferðisleg áreitni.

Fyrirtækjamenning


Unnið er markvisst að því að styðja fyrirtækjamenningu þar sem viðskiptavinurinn er í fyrirrúmi, samstarf er öflugt,

framfarir stöðugar og allir starfsmenn taka ábyrgð á árangri. Á árinu var innleidd aðferðafræði árangursstjórnunar til þess að styðja framangreinda menningu enn frekar. Í stuttu máli gengur árangursstjórnun út á að einbeita sér að því sem skiptir mestu máli fyrir árangur.

Með aðferðafræðinni er fest í sessi áhersla á skýra markmiðasetningu starfseininga og starfsmanna, eftirfylgni markmiða og mat á því hvernig árangur eininga hefur áhrif á heildarmarkmið bankans. Mikil áhersla hefur verið lögð á þátttöku allra starfseininga og hefur árangur verið mjög jákvæður.

Öflugir og sterkir stjórnendur gegna lykilhlutverki í þessari framtíðarsýn, bæði sem virkir þátttakendur og fyrirmyndir.

Hlutverk stjórnenda í innleiðingunni eru sett fram sem stjórnendaloforð þar sem því er lýst hvernig þeir munu starfa í anda fyrirtækjamenningarinnar, auk þess sem þeir vinna með hliðsjón af stjórnendalíkani sem tilgreinir til hvers er ætlast af þeim sem stjórnendum.



Frammistöðusamtöl

Í Landsbankanum er notað frammistöðumatskerfi. Árlega á hver starfsmaður frammistöðusamtal við yfirmann sinn og fær skýra umsögn um vinnu sína, endurgjöf um það sem vel hefur gengið og það sem betur mætti fara. Þungamiðja samtalsins er markmiðasetning þar sem línurnar eru lagðar fyrir næsta misseri. Samkvæmt vinnustaðgreiningu eru starfsmenn ánægðir með samtölin og telja þau skila árangri.



Stjórnendaloforð

- » Ég hlusta á sjónarmið annarra og vinn með þeim að bestu niðurstöðu fyrir viðskiptavininn og bankann í heild sinni.
- » Ég tek ábyrgð á mínum verkefnum og stand við sameiginlegar ákvarðanir og loforð, bæði þegar vel og illa gengur.
- » Ég hvet til stöðugra umbóta, fylgi málum markvisst eftir og passa að verkefni séu kláruð. Ég veiti góðum árangri athygli og býð fram stuðning þar sem þarf.

Vinnustaðgreining og Bankapúlsinn

Landsbankinn framkvæmir ítarlega vinnustaðgreiningu á fyrsta fjórðungi hvers árs og aðra viðaminni um haustið. Sú síðarnefnda kallast Bankapúlsinn og er ætlað að fylgja eftir þeim umbótamarkmiðum sem sett eru í kjölfar vinnustaðgreiningarinnar. Saman gefa þessar kannanir mikilvægar vísendingar um viðhorf starfsmanna til vinnustaðar síns og um starfsánægju þeirra.

Niðurstöður vinnustaðgreiningar og Bankapúlsins hafa jafnan sýnt að starfsfólk er ánæggt með



Fræðslustarf í tölum

3.200	Þátttakendur í fræðsluviðburðum hjá Landsbankanum á árinu 2015 voru 3.200 talsins.
156	Boðið var upp á 156 fræðsluviðburði hjá Landsbankanum á árinu 2015.
84%	84% starfsmanna bankans sóttu sér einhverja starfstengda símenntun árið 2015.
11,6	Meðalfjöldi fræðslustunda á hvert stöðugildi á árinu var 11,6 klukkustundir.
3	Hver starfsmaður bankans sótti að meðaltali 3 viðburði í fræðsludagskránni.

Landsbankann sem vinnustað, aðbúnaður er góður og líðsheildin sterk. Samhliða vinnustaðagreiningunni er framkvæmt stjórnendamat og hafa niðurstöður þess jafnan verið Landsbankanum til sóma.

Fræðslustarf

Hjá Landsbankanum er litið á hæfni og fagþekkingu starfsfólks sem nauðsynlega forsendu árangurs. Markviss fræðslustefna, fjölbreytt námskeið og hvatning til símenntunar sýna að Landsbankinn er til fyrirmyndar í fræðslustarfi fyrir starfsmenn.

Fræðslustarf bankans er unnið eftir gæðavottun skv. viðmiðum European Quality Mark (EQM) sem veitt er af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Á árinu 2015 hefur verið lögð áhersla á þjálfun framlínustarfsfólks í 360° ráðgjöf, aukið framboð rafrænnar fræðslu og þjálfun stjórnenda.

Árið 2015 var boðið upp á 156 viðburði og þátttakendur voru um 3.200. Hver starfsmaður bankans sótti að meðaltali um 3 viðburði í fræðsludagskránni. Meirihluti starfsmanna bankans er virkur í símenntun þar sem 84% þeirra sóttu sér einhverja starfstengda

Hjá Landsbankanum er litið á hæfni og fagþekkingu starfsfólks sem nauðsynlega forsendu árangurs. Markviss fræðslustefna, fjölbreytt námskeið og hvatning til símenntunar sýna að Landsbankinn er til fyrirmyndar í fræðslustarfi fyrir starfsmenn.

símenntun árið 2015 – innan eða utan bankans. Meðalfjöldi fræðslustunda á hvert stöðugildi á árinu 2015 var 11,6 klukkustundir.

Samfélagsábyrgð

Samfélagsábyrgð er mikilvægur þáttur í starfsemi Landsbankans og rík áhersla er lögð á að hún sé samþætt stefnumörkun bankans í heild. Bankinn vill tryggja að starfsemin sé í fullri sátt við samfélagið og um leið að arðsemi sé viðunandi fyrir hluthafa. Þannig rennur ávinningur bæði til samfélags og eigenda.

Landsbankinn hugar að samfélagsábyrgð sinni með ýmsu móti. Undanfarið hefur markvisst verið unnið að innleiðingu stefnu um ábyrgar fjárfestingar, skrifstofumhverfið hefur verið gert umhverfisvænna og efnt hefur verið til samstarfs við ýmsa utanaðkomandi aðila til að stuðla að uppbyggingu og framþróun í samfélaginu. Landsbankinn var eitt þeirra fyrirtækja sem stóðu að stofnun Festu, miðstöðvar um samfélagsábyrgð, árið 2011.

Tíu ár í UN Global Compact

Landsbankinn gerðist aðili að UN Global Compact árið 2006. UN Global Compact er samstarfsverkefni Sameinuðu þjóðanna og atvinnulífsins til að fylgja eftir markmiðum Sameinuðu þjóðanna. Verkefnið snýst um að hvetja fyrirtæki til að sýna

samfélagsábyrgð í verki. Fyrirtæki, sem staðfesta samkomulagið, kjósa að fylgja viðmiðum Sameinuðu þjóðanna með það að markmiði að efla sjálfbærni í rekstri og framfylgja ábyrgum viðskiptaháttum.

Samfélagsskýrsla Landsbankans

Samfélagsskýrsla

Landsbankans er rituð árlega samkvæmt viðmiðum Global Reporting Initiative (GRI) og er birt á vef bankans á sama tíma og ársskýrslan.

Samfélagsskýrsla Landsbankans er rituð árlega samkvæmt viðmiðum Global Reporting Initiative (GRI) og er birt á vef bankans á sama tíma og ársskýrslan. Í henni er miðlað samanburðarhæfum upplýsingum frá ári til árs og áhersla lögð á að leggja

fram greinargóðar upplýsingar um aðferðir við innleiðingu og þróun samfélagsábyrgðar í Landsbankanum. Samfélagsskýrslan gegnir einnig hlutverki framvinduskýrslu til UN Global Compact.

Áhersla á ábyrgar fjárfestingar

Í Landsbankanum er markvisst unnið að innleiðingu stefnu í ábyrgum fjárfestingum. Bankinn fékk aðild að United Nations Principles for Responsible Investment (UN PRI) í byrjun árs 2013. Stefna Landsbankans um ábyrgar fjárfestingar er sett með hliðsjón af reglum UN PRI og tekur mið af reglum um áhættuvilja, stórar áhættuskuldbindingar og hámark heildaráhættu, rekstraráhættu, orðsporsáhættu, lausafjárahættu og góða stjórnarhætti.

Stefnu um ábyrgar fjárfestingar er ætlað að skilgreina ramma sem gerir bankanum kleift að samþætta samfélagsábyrgð og fjárfestingarákvarðanir. Slík stefna hefur að mati Landsbankans jákvæð áhrif á ávöxtun fjárfestinga til lengri tíma og dregur því úr rekstraráhættu bankans.

Öflug jafnréttisstefna

Landsbankinn hefur unnið markvisst að jafnréttismálum í gegnum tíðina. Jafnréttisstefna bankans leggur áherslu á að allir eigi jafna möguleika óháð kynferði, aldri, uppruna, kynhneigð, fötlun, trúarbrögðum eða annarri menningarlegri stöðu. Landsbankinn leggur áherslu á að ráða jafnt konur sem karla í stjórnunarstöður.

Á árinu 2015 hlaut Landsbankinn gullmerki Jafnlaunaúttektar PwC

og varð fyrstur banka á Íslandi til þess, auk þess að vera stærsta fyrirtæki á Íslandi sem hlýtur gullmerkið. Bankinn leggur áherslu á að tryggja jafnrétti í launum og starfstækifærum. Gullmerki PwC er því mikilvæg staðfesting á stöðu jafnréttismála í bankanum og er jafnframt hvatning til að viðhalda þeirri stöðu til framtíðar. Birtar hafa verið tölur um launamun karla og kvenna í samfélagsskýrslunni frá því að byrjað var að gefa hana út.

Landsbankinn skrifaði undir Jafnréttissáttmálann (Women's Empowerment Principles – Equality means Business), alþjóðlegt átak UN Women og UN Global Compact, árið 2011. Með undirskriftinni skuldbatt bankinn sig til að vinna að jafnréttismálum innan fyrirtækisins en í sáttmálanum eru sjö viðmið sem hafa skal að leiðarljósi við að efla konur innan fyrirtækja og auka þátt þeirra í atvinnulífinu.

Árið 2010 setti bankinn sér það markmið að hlutur hvors kyns um sig í forystusveit bankans yrði aldrei minni en 40%. Í framkvæmdastjórn bankans sitja nú sjö manns, þrjár konur og fjórir karlar, að bankastjóra meðtöldum.

Í jafnréttisstefnu bankans kemur m.a. fram að í Landsbankanum skuli karlar og konur hafa jafna möguleika og njóta sömu réttinda í starfi og til starfsframa. Í stefnunni kemur einnig fram að Landsbankinn stefni að jöfnu hlutfalli kynjanna meðal starfsmanna, að störf flokkist ekki sem karla- eða kvennastörf og að konum og körlum skuli greidd sömu laun fyrir jafnverðmæt störf. Þá líðst hvorki einelti, fordómar né kynbundin eða kynferðisleg áreitni.

Meginatriði jafnréttisstefnunnar

- » Í Landsbankanum eiga karlar og konur jafna möguleika til starfa og stjórnarsetu.
- » Landsbankinn stefnir að jöfnu hlutfalli kynja meðal starfsmanna bankans og forðast að skilgreina störf sem karla- eða kvennastörf.
- » Landsbankinn greiðir körlum og konum sömu laun fyrir jafnverðmæt störf.
- » Landsbankinn leggur áherslu á að starfsmenn geti samræmt vinnu sína og einkalíf.
- » Landsbankinn gætir þess að bæði kynin hafi jöfn tækifæri til starfsþróunar, náms og fræðslu.
- » Í Landsbankanum líðst hvorki einelti, fordómar né kynbundin eða kynferðisleg áreitni.

Önnur verkefni

Fjölmörg verkefni sem bankinn vinnur að eru tengd samfélagsábyrgð. Þau tengjast rekstrinum, starfsfólkinu og samfélaginu og miða að sparnaði í rekstri, betri nýtingu fjármuna, heilbrigðari lífsmáta og jákvæðri þátttöku bankans og starfsmanna í verkefnum utan bankans. Nánari upplýsingar um ýmsar mælingar á sviði samfélagsábyrgðar er að finna í skýrslu bankans um samfélagsábyrgð.

Góður árangur í umhverfismálum

Pappír: Nýjar aðferðir við prentun, sem teknar voru í notkun á árinu 2013, hafa hingað til dregið úr pappírnotkun í starfsemi bankans um 63%. Pappírnotkunin hefur minnkað úr 37,1 tonni niður í 13,6 tonn, eða úr 310 grömmum á hvern viðskiptavin niður í 115 grömm á hvern þeirra. Næstum allur pappír sem bankinn notar er umhverfisvottaður. Pappírnotkun vegna útgefins efnis hefur minnkað um 10,8 tonn frá


árinu 2013 og á sama tíma hefur það hlutfall sem prentað er á umhverfismerktan pappír aukist úr 56% í 82%.



Orka: Raforkunotkun hefur minnkað um 38,6% síðan 2012 sem má að einhverju leyti rekja til tilraunaverkefnis í hússtjórnarkerfi í höfuðstöðvum bankans.

Losun gróðurhúsalofttegunda:

Kolefnislosun vegna bíla hefur minnkað um 25,4% en það má að einhverju leyti rekja til endurnýjunar á bifreiðum bankans á árinu 2012. Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda hefur minnkað um 103 tonn frá árinu 2014, eða um 25%. Árið 2013 byrjaði bankinn



einnig að kolefnisjafna allan mældan útblástur gróðurhúsalofttegunda.

Fleiri samgöngusamningar

Markmið samgöngusamninga er að fjölga valmöguleikum starfsmanna í samgöngum þannig að þeir geti nýtt sér þann ferðamáta sem best hentar hverju sinni, notað vistvænan ferðamáta þegar

hentar en haft aðgang að bíl þegar þess er þörf.

Í samgöngusamningi felst að starfsmenn skuldbinda sig til að nýta annan ferðamáta en einkabílinn vegna ferða til og frá vinnu í 60% tilvika. Bankinn endurgreiðir þeim útlagðan kostnað, allt að 84.000 krónum á ári.

Um sl. áramót voru 407 starfsmenn með virka samgöngusamninga eða 36,5% af heildarfjölda

starfsmanna sem er aukning frá 32,3% á fyrra ári. Alls 104 starfsmenn skrifuðu undir samning á árinu og 78 starfsmenn, sem voru með samning, sögðu honum upp eða hættu hjá bankanum. Af þeim sem eru með virka samgöngusamninga eru 259 konur og 148 karlar sem er sambærilegt við hlutfall kynjanna í starfsliði bankans.

Stuðningur og styrkir

Samfélagsstuðningur Landsbankans er mikilvægur liður í stefnu bankans um samfélagsábyrgð. Landsbankinn styður fjölmörg samfélagsverkefni með beinum fjárframlögum, bæði úr Samfélagssjóði og með gagnkvæmum samstarfssamningum.

Alls nam beinn fjárhagslegur stuðningur Landsbankans til stærri samfélagsverkefna um 110 milljónum árið 2015. Til viðbótar þessu styrkja útibú bankans fjölbreytt verkefni í nærsamfélagi sínu, þ.m.t. íþrótt- og æskulýðsstarf, mannúðarfélög og frjáls félagasamtök og nemur sá stuðningur tugum milljóna á ári. Jafnframt er mikil áhersla lögð á að bjóða viðskiptavinum þjónustu og ráðgjöf með skýra samfélagslega tengingu. Loks vill bankinn vera virkur þátttakandi í samfélagsverkefnum með ráðgjöf og sjálfbodastarfi starfsmanna.

Bankinn styrkir samfélagsverkefni, þar með talið menningarstarf og listastarf, einkum með þrennum hætti. Í fyrsta lagi í gegnum Samfélagssjóð, þar sem

Heildarstuðningur við samfélagsmál

**110
milljónir
króna**


engar kröfur eru gerðar á móti styrkjum, í öðru lagi með samstarfssamningum með gagnkvæmum ávinningi og loks fyrir tilstilli útibúa sem styðja vel við bakið á verkefnum í heimabyggð. Undir hatti Samfélagssjóðs eru nú þrjár aðskildar úthlutanir – námsstyrkir, samfélagsstyrkir og umhverfisstyrkir.

Samfélagssjóður

Samfélagssjóður Landsbankans gegnir lykilhlutverki í stuðningi bankans við samfélagið. Árið 2015 voru veittir þrenns konar styrkir: Landsbankinn veitti sex milljónir í námsstyrki, tuttugu milljónir í samfélagsstyrki og loks fimm milljónir í umhverfisstyrki. Alls námu styrkir úr Samfélagssjóði 31 milljón króna á árinu.

Samfélagsstuðningur bankans hefur verið í föstum skorðum síðustu ár. Áhersla er lögð á að stuðningur við samfélagið sé fjölbreyttur og að hann nýtist mörgum. Bankinn hefur sett sér þá reglu að dómnefndir skuli skipaðar fagfólki að meirihluta. Loks er farvegur fyrir styrki skýr svo

Heildarstuðningur við samfélagsmál (utan útibúa) (m. kr.)



að viðskiptavinir bankans og aðrir landsmenn hafi jafna möguleika til að sækja um styrki.

Sjálfbodaustarf og ráðgjöf

Landsbankinn leitast við auka beina þátttöku starfsmanna í samfélagsverkefnum, meðal annars með ráðgjöf og sjálfbodaustarfi á vinnutíma. Á síðasta ári lögðu starfsmenn meðal annars fram vinnu sína við jólaúthlutun Mæðrastyrksnefndar og árlega landssöfnun. Á allra vörum, svo

Markmið með styrkjum úr Samfélagssjóði

- » Fjölbreyttur stuðningur við samfélagið sem nýtist mörgum.
- » Fagfólk skipar meirihluta dómnefnda.
- » Jafnræði og dreifing við úthlutun styrkja er tryggð eins og kostur er.
- » Landsbankinn leggur áherslu á að starfsmenn geti samræmt vinnu sína og einkalíf.
- » Skýr farvegur fyrir styrkveitingar bankans.

nokkuð sé nefnt. Landsbankinn hefur enn fremur boðið fram sérfræðipekkingu starfsmanna

við ráðgjöf á ýmsum sviðum sem tengjast fjármálum og nýsköpun.

Landsbankinn tekur virkan þátt í verkefninu Fjármálavit sem Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) standa fyrir í samvinnu við aðildarfélögin. Markmiðið er að fræða nemendur tífunda bekkjar í öllum skólum landsins um grunnþætti fjármála og veita innblástur í kennslu um fjármál. Loks hefur starfsfólk setið í dómnefndum, meðal annars í Gullegginu, frumkvöðlakeppni Innovit sem Landsbankinn styrkir.

Samstarfsverkefni

Landsbankinn tekur virkan þátt í mörgum samstarfsverkefnum til að stuðla að uppbyggingu og framþróun í samfélaginu. Verkefnin eru fjölbreytt og snerta margar hliðar samfélagsins, s.s menningu, fræðslu, nýsköpun, ferðaþjónustu og lýðheilsu.

Hinsegin dagar

Landsbankinn styður réttinda-baráttu hinsegin fólks á Íslandi og er stoltur bakhjarl Hinsegin daga í Reykjavík. Auk þess að styðja hátíðina með fjárframlagi hefur Landsbankinn tekið að sér að dreifa dagskrárriti hátíðarinnar í öllum útibúum bankans í því skyni að kynna hátíðina enn betur um land allt.



Skólahreysti

Landsbankinn er aðalbakhjarl Skólahreysti og leggur keppninni lið af krafti. Markmið Skólahreysti er að hvetja börn til að taka þátt í alhliða íþróttaupplifun sem byggð er á grunnforsendum almennrar íþróttakennslu og þar sem keppendur vinna að mestu leyti með eigin líkama í þrautum. Vinsældir Skólahreysti hafa aukist ár frá ári og keppa nú yfir 600 krakkar fyrir hönd skóla sinna og nokkur þúsund krakkar eru virkir



félagar í stuðningsliðum. Auk Landsbankans nýtur Skólahreysti stuðnings mennta- og menningar- málaráðuneytisins, Norrænu ráðherranefndarinnar, Toyota og Íþróttá- og ólympíusambandsins.

Iceland Airwaves

Landsbankinn er stoltur bakhjarl tónlistarhátíðarinnar Iceland Airwaves. Bankinn vill með þessu styðja við bakið á ungu tónlistarfólki, og er það í senn liður í samfélagsábyrgð bankans og til að veita virkan stuðning við listir og menningu í landinu. Líkt og í fyrra fékk Landsbankinn ungt



og efnilegt tónlistarfólk til að aðstoða við að hita upp fyrir hátíðina sem var haldin dagana 4.-8. nóvember, þau Axel Flóvent, dj flugvél og geimskip og Hr. Hnetusmjör.

Viðtöl við þetta efnilega tónlistarfólk má finna á Airwaves-vef Landsbankans, en það kom einnig fram á „off-venue“ tónleikum í útibúi bankans við Austurstræti, laugardaginn 7. nóvember, og spilaði fyrir fullu húsi gesta við góðar undirtektir.

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttir

Landsbankinn er bakhjarl Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum ásamt tíu öðrum fyrirtækjum og er með hæsta framlag allra fyrirtækjanna. Landsbankinn hefur styrkt stofnun Vigdísar með veglegum hætti á síðustu árum. Styrkjum til stofnunarinnar verður varið til daglegrar starfsemi vegna undir-

búnings Vigdísarstofnunar – alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar, sem mun starfa undir merkjum Mennta-, vísinda, og menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).

Með starfsemi alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar er ætlunin að heiðra störf Vigdísar í þágu tungumála og halda áfram því brautryðjendastarfi sem hún hefur unnið á alþjóðavettvangi sem fyrsti og eini velgjörðarsendi-herra tungumála í heiminum hjá UNESCO.

UN Women

Landsbankinn hefur átt mjög gefandi samstarf við UN Women á Íslandi undanfarin ár og



verið bakhjarl landsnefndarinnar í mikilvægum verkefnum. Bankinn er til að mynda bakhjarl HeForShe-verkefnisins en markmið þess er að hvetja karla og stráka til að láta til sín taka í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna á öllum vígstöðvum.

Landsbankinn skrifaði árið 2011 undir Jafnréttissáttmálann (Women's Empowerment Principles – Equality means Business), alþjóðlegt átak UN Women og UN Global Compact. Með undirskriftinni skuldbatt bankinn sig til að vinna að jafnréttismálum innan fyrirtækisins en í sáttmálanum eru sjö viðmið sem hafa skal að leiðarljósi við að efla konur innan fyrirtækja og auka þátt þeirra í atvinnulífinu.

Menningarnótt

Landsbankinn hefur verið virkur þátttakandi í Menningarnótt frá upphafi og hefur bæði opnað dyr sínar fyrir gestum og gangandi og verið bakhjarl hátíðarinnar alla tíð. Það hefur verið bankanum



kappsmál að fjárstuðningur hans renni beint til listamanna og -hópa sem skipuleggja viðburði á Menningarnótt.

Til að ná því markmiði var stofnaður sérstakur Menningarnæturpottur á vegum Höfuðborgarstofu og Landsbankans. Markmið hans er að veita frumlegum og sérstökum hugmyndum brautargengi. Veittir eru margir hóflegir styrkir en potturinn hefur verið góð viðbót við farsælt samstarf Höfuðborgarstofu og Landsbankans.

Fjármálarfræðsla

Landsbankinn hefur um árabil lagt áherslu á fjármálafræðslu

fyrir ungmenni í grunn- og framhaldsskólum. Bankinn tekur virkan þátt í verkefninu Fjármálavit, sem er kennsluefni í fjármálafræðslu fyrir nemendur í eldri bekkjum grunnskóla, en það eru Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) sem standa fyrir verkefninu í samstarfi við aðildarfélagin. Starfsfólk aðildarféлага SFF um allt land heimsækja skóla á sínu svæði og miðla námsefninu.

Háskólasjóður Eimskipafélagsins

Háskólasjóður Eimskipafélagsins er í vörslu Landsbankans og hefur starfað í núverandi mynd frá árinu 2005. Það ár voru gerðar veiga-

miklar breytingar á fyrirkomulagi sjóðsins með það að markmiði að veita styrki til stúdenta í rannsóknartengdu framhaldsnámi við Háskóla Íslands. Fyrsta úthlutun úr sjóðnum eftir þær breytingar fór fram 2006 og hafa yfir 80 doktorsnemar í fjölmörgum fræðigreinum stundað rannsóknir og nám við Háskóla Íslands með stuðningi sjóðsins.

Ráðstefnur og fundir

Landsbankinn stendur á hverju ári fyrir fjölbreyttum ráðstefnum og fundum, auk þess sem bankinn gefur út ýmis sérrit og greiningar um efnahagsmál og atvinnulífið. Á árinu 2015 stóð bankinn fyrir fjórum stórum ráðstefnum: um horfur og tækifæri á fjarskiptamarkaðnum, um vöxt í ferðaþjónustu, um þau tækifæri sem lægra olíuverð skapar og loks hina árlegu ráðstefnu bankans þar sem þjóðhagsspá Hagfræðideildar er kynnt. Á þeirri ráðstefnu var einnig fjallað um afnám hafta og stöðugleikaskilyrðin. Yfir eitt þúsund manns sóttu þessar ráðstefnur bankans sem hafa treyst sig í sessi sem mikilvægur vettvangur margra af helstu viðfangsefnum samtímans.

Stuðningur við íþróttir og æskulýðsstarf

Landsbankinn kappkostar að styðja íslenskt íþróttalíf. Það gera útibú bankans með beinum samstarfssamningum við íþróttafélög hringinn í kringum landið. Í slíku samstarfi leggur bankinn mikla áherslu á að styðja barna- og ungl-ingastarf og að stuðningur nýtist jafnt íþróttum karla og kvenna.

Stærsti einstaki styrktarsamningur bankans á sviði íþróttá er við Knattspyrnusamband Íslands. Ásamt fimm öðrum fyrirtækjum styrkir Landsbankinn uppbyggingarstarf íslenskrar knattspyrnu um land allt, öll yngri landslið og A-landslið karla og kvenna.

Iceland Luxury

Landsbankinn hefur ásamt Icelandair Group, Bláa Lóninu, og Meet in Reykjavík tekið höndum saman um stefnumarkandi verkefni til þriggja ára sem miðar að markaðssetningu á Reykjavík og Íslandi fyrir ferðamenn sem



krefjast hágæðapjónustu. Verkefnið ber heitið Iceland Luxury og er hýst og því stjórnað af Meet in Reykjavík. Markmið þessa samkomulags er að stuðla að langtímastefnumörkun á þessu sviði, styrkja ímynd Reykjavíkur og Íslands í augum vel stæðra ferðamanna, auka samtakamátt fyrirtækja sem starfa á þessum

markaði, og hvetja til þróunar innviða og þjónustu fyrir þennan markhóp. Samstarfið er framhald af þeirri uppbyggingu sem hófst með stofnun Meet in Reykjavík árið 2012 og styður Landsbankinn einnig þá starfsemi.

Ísland – allt árið

Landsbankinn hefur frá upphafi stutt markaðsverkefnið Ísland – allt árið. Skrifað var undir nýjan samning um verkefnið 18. desember 2014 og gildir hann til loka árs 2016. Tilgangur verk-



efnisins er að festa ferðaþjónustu enn betur í sessi sem heilsársatvinnugrein og auka arðsemi hennar með það fyrir augum að skapa gjaldeyristekjur fyrir þjóðarbúið. Markaðssetning fer fram undir formerkjum Inspired by Iceland og sér Íslandsstofa um framkvæmdina.

Íslenski sjávarklasinn

Landsbankinn er samstarfsaðili Íslenska sjávarklasans, en tilgangur hans er að efla samkeppnishæfni og verðmætasköpun íslenskra fyrirtækja sem byggja afkomu sína á nýtingu sjávar, með beinum eða óbeinum hætti. Íslenski sjávarklasinn hefur frá stofnun stuðlað að framþróun og nýsköpun í þeim greinum sem mynda klasann, í samstarfi við fyrirtæki og menntastofnanir, og stendur fyrir útgáfu greininga og rannsókna af ýmsu tagi. Um 60 fyrirtæki og stofnanir í margvíslegri sjávarfengdri starfsemi á Íslandi eiga formlega aðild að samstarfsvettvangi Íslenska sjávarklasans.

Lánatryggingasjóðurinn Svanni

Í samstarfi við Svanna – lánatryggingasjóð kvenna veitir Landsbankinn konum í atvinnurekstri lán sem sjóðurinn og bankinn ábyrgjast sameiginlega. Landsbankinn veitir helming ábyrgðar á móti sjóðnum og tryggir þannig konum í nýrri starfsemi rýmri aðgang að fjármagni en ella og eykur möguleika þeirra á að stofna fyrirtæki. Samstarfssamningurinn er liður Landsbankans í að efla atvinnulíf og hvetja til nýsköpunar í landinu.

Öndvegissetur um verndun hafsins

Landsbankinn er einn af bakhjörum Hafsins, öndvegisseturs um verndun hafsins, en setrinu er ætlað að vinna að útfærslu hugmynda um verndun hafsins með því að draga úr mengun með grænni tækni. Verkefnið er í senn umfangsmikið og metnaðarfullt og er stutt af fjölmörgum aðilum auk Landsbankans: umhverfis- og

auðlindaráðuneytinu, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík, Haf-rannsóknastofnun, Orkustofnun, Samtökum iðnaðarins, Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi, Granda hf., Clean Tech Iceland, sem eru samtök fyrirtækja í grænni tækni, og fjölda tæknifyrirtækja. Hafið verður vettvangur samstarfs fyrirtækja, opinberra aðila og rannsóknarstofnana sem vilja vinna að hafverndarmálum á alþjóðavettvangi.


Klasasamstarf í ferðaþjónustu

Landsbankinn hefur verið aðili að klasasamstarfi í ferðaþjónustu frá upphafi samstarfsins árið 2012. Helsta markmið samstarfsins er að auka samkeppnishæfni og verðmætasköpun innan ferðaþjónustunnar og er verkefnið unnið í anda klasaaðferðafræði prófessors Michaels Porters. Að klasasamstarfinu standa lykilfyrirtæki á sviði ferðaþjónustu, opinberir aðilar og fyrirtæki sem styðja við eða eiga samstarf við greinina.

Fjármál og ársreikningur

Fjármögnun Landsbankans er byggð á fjórum meginstoðum: Innlánum frá viðskiptavinum, skuldum við fjármálafyrirtæki, lántökum og eigin fé.


Árangursrík áhættustjórnun er lykilþáttur í langtímaarðsemi og stöðugleika Landsbankans.



Helstu atriði ársreiknings

„Landsbankanum gekk vel á árinu 2015 og það var góður gangur á nánast öllum sviðum. Tekjur bankans jukust töluvert frá fyrra ári og um leið lækkuðu rekstrargjöld. Dregið hefur úr óvissu og áhættu hjá bankanum. Gæði eigna hafa aukist og fjármögnun bankans hefur styrkst með betra aðgengi að innlendum og erlendum lánamörkuðum. Lausafjárstaðan er sterk auk þess sem eiginfjárstaða bankans er hlutfallslega með því hæsta sem þekktist, þrátt fyrir háar arðgreiðslur.“

- Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans; úr fréttatilkynningu 25. febrúar 2016



Kennitölur	31.12.2015	31.12.2014
Hagnaður eftir skatta	36.460	29.737
Hreinar rekstrartekjur	72.363	63.149
Hreinar vaxtatekjur	32.324	28.073
Arðsemi eigin fjár fyrir skatta	19,9%	16,7%
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	14,8%	12,5%
Eiginfjárlutfall (CAR)	30,4%	29,5%
Vaxtamunur sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna	2,4%	2,4%
Vaxtamunur eigna og skulda	2,2%	1,9%
Kostnaðarhlutfall*	43,8%	56,0%
Lausafjárlutfall LCR alls	113%	131%
Lausafjárlutfall LCR FX	360%	614%
Heildareignir	1.118.658	1.098.370
Útlán í hlutfalli við innlán viðskiptavina	145,2%	130,3%
Stöðugildi	1.063	1.126

* Kostnaðarhlutfall = Rekstrargjöld alls að frátalinni gjaldfærslu vegna hlutabréfatengdra launaliða / (Hreinar rekstrartekjur - virðisbreytingar útlána)
Allar upphæðir eru í milljónum króna

Rekstrarhagnaður Landsbankans nam 36,5 milljörðum króna á árinu 2015 samanborið við 29,7 milljarða króna á árinu 2014. Arðsemi eigin fjár var 14,8% samanborið við 12,5% arðsemi á árinu 2014. Eiginfjárlutfall bankans hefur aldrei verið hærra og nam það 30,4% í árslok 2015 samanborið við 29,5% eiginfjárlutfall í byrjun ársins.


Vaxtamunur bankans, hlutfall hreinna vaxtatekna af meðalstöðu efnahagsreiknings, hækkaði um 4,3 milljarða króna á milli ára. Á árinu 2015 var vaxtamunurinn 2,2% samanborið við 1,9% árið á undan.


Hækkun tekna, auk lækkunar á rekstrarkostnaði, gerir það að verkum að hlutfall kostnaðar af

tekjum án virðisbreytinga útlána var 43,8% árið 2015 samanborið við 56% árið 2014.

Efnahagsreikningur

Heildareignir bankans námu 1.118 milljörðum króna í árslok 2015 og hækkuðu þær um tæp 2% á árinu.





Helstu breytingar á eignahlið efnahags Landsbankans á árinu 2015 voru þær að útlán til viðskiptavina hækkuðu um 93 milljarða, skuldabréfaeign bankans lækkaði um 40 milljarða og kröfur

á lánastofnanir lækkuðu um 29 milljarða króna.

Á skuldahlið voru þær breytingar helstar að innlán viðskiptavina jukust um tæpa 8 milljarða króna


og innlán fjármálfyrirtækja lækkuðu um 113 milljarða króna. Í samræmi við samkomulag milli bankans og slitastjórnar LBI hf. fyrirframgreiddi bankinn á fjórða ársfjórðungi 2015 skuldabréfin í

Eignir	31.12.2015	31.12.2014	Breyting 2015	
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	25.164	10.160	15.004	148%
Markaðsskuldabréf	203.684	243.589	-39.905	-16%
Hlutabréf	29.192	29.433	-241	-1%
Kröfur á lánastofnanir	20.791	49.789	-28.998	-58%
Útlán til viðskiptavina	811.549	718.355	93.194	13%
Aðrar eignir	16.323	28.832	-12.509	-43%
Eignir til sölu	11.955	18.212	-6.257	-34%
Samtals	1.118.658	1.098.370	20.288	2%

Skuldir og eigið fé	31.12.2015	31.12.2014	Breyting 2015	
Innlán frá fjármálfyrirtækjum	56.731	53.827	2.904	5%
Innlán frá viðskiptavinum	559.051	551.435	7.616	1%
Lántaka	209.344	207.028	2.316	1%
Aðrar skuldir	27.483	32.443	-4.960	-15%
Skuldir tengdar eignum til sölu	1.518	2.834	-1.316	-46%
Eigið fé	264.531	250.803	13.728	5%
Samtals	1.118.658	1.098.370	20.288	2%

Allar upphæðir eru í milljónum króna

Eigið fé (m. kr.)



* Eiginfjárlutfall


erlendri mynt sem voru með gjalddaga í október 2016 og einnig að hluta skuldabréf á gjalddaga í október 2018. Fjárhæð fyrirframgreiðslunnar nam að jafnvirði um 47 milljörðum króna.

Vegna hagnaðar bankans upp á 36,5 milljarða króna á árinu 2015 hækkar eigið fé hans um 13,7 milljarða króna þrátt fyrir 23,7 milljarða króna arðgreiðslu á árinu.


Lausafjárstaða

Lausafjárstaða bankans, bæði í íslenskum krónum og erlendri mynt, er sterk. Lausafjáreignir

Lausafjárlutfall LCR alls




Lausafjárlutfall LCR FX



Lausafjáreignir	31.12.2015	31.12.2014	Breyting 2015	
Lausafé hjá seðlabönkum	25.024	10.160	14.864	146%
Lán til fjármálastofnana (styttri en 7 dagar)	16.342	33.053	-16.711	-51%
Skuldabréf hæf til endurhverfra viðskipta	167.463	191.478	-24.015	-13%
Lausafjáreignir samtals	208.829	234.691	-25.862	-11%

Allar upphæðir eru í milljónum króna

Þróun lausafjareigna árið 2015 (m. kr.)



námu 209 milljörðum króna í lok árs 2015.

Meginmælikvarði lausafjár-áhættu til skamms tíma er lausafjárþekja (LCR) sem mælir hlutfall hágæða lausafjareigna af heildar nettó-útflæði á næstu 30 dögum miðað við álagsaðstæður. Lausafjárþekja var 113% í lok árs 2015 en Seðlabankinn gerir kröfu um


að hlutfallið sé að lágmarki 80%. Lausafjárþekja erlendra mynta var á sama tíma 360% en Seðlabankinn gerir kröfu um að það hlutfall sé að lágmarki 100%.

Útlán til viðskiptavina námu 812 milljörðum króna í lok árs 2015 samanborið við 718 milljarða í byrjun ársins og hækkuðu þau um 13% á árinu.

Hækkun ársins skiptist í 225 milljarða króna vegna nýrra lána, 13 milljarða króna vegna gengisáhrifa, verðbóta og virðisaukningar og 14 milljarða vegna yfirtöku við samruna. Á móti þessari hækkun koma 153 milljarðar króna vegna afborgana viðskiptavina bankans.


Heildareignir bankans jukust um 20 milljarða á árinu, m.a. vegna

Eignir




■ Útlán til viðskiptavina
■ Kröfur á lánastofnanir
■ Eignir til sölu
■ Markaðsskuldabréf
■ Hlutabréf
■ Sjóður og innstæður í Seðlabanka
■ Aðrar eignir

Skuldir og eigið fé



■ Innlán frá viðskiptavinum
■ Innlán frá fjármálfyrirtækjum
■ Skuldir tengdar eignum til sölu
■ Eigið fé
■ Lántaka
■ Aðrar skuldir



Þess að rífleg lausafjárstaða bankans í erlendum gjaldmiðlum gerði honum kleift að fyrirframgreiða um 47 milljarða til LBI hf.


Innlán fjármálafyrirtækja hækkuðu um 5%, eða 2,9 milljarða króna, og námu tæpum 57 milljörðum króna í lok árs.


Innlán viðskiptavina hækkuðu á árinu um tæpa 8 milljarða króna, voru 559 milljarðar króna í árslok samanborið við 551 milljarð króna í byrjun ársins.

Steinþór Pálsson, bankastjóri

„Arðsemi eiginfjár bankans á undanförmum árum hefur verið góð og fór

árið 2015 vel fram úr væntingum. Stórir og óvenjulegir liðir hafa þar haft töluverð áhrif. Þar er fyrst og fremst átt við tekjufærslur vegna virðisbreytingar útlána, en á árinu 2015 voru áhrif þeirra 13,5 milljarðar króna á hagnað eftir skatta og á árinu 2014 voru áhrifin um 14,9 milljarðar króna eftir skatta. Viðbúid er að hagnaður muni lækka töluvert





á næstunni þar sem ekki er reiknað með áhrifum af þessum óvenjulegu liðum í rekstri bankans til framtíðar.“


Landsbankinn og slitastjórn LBI gerðu með sér samkomulag í september 2015 um að Landsbankinn fyrirframgreiddi á árinu 2015 skuldabréf í erlendum gjaldmiðlum á gjalddaga í október 2016 og einnig að hluta skuldabréf á gjalddaga í október 2018. Fjárhæð

fyrirframgreiðslunnar nam að jafnvirði um 47 milljörðum króna.

Í október 2015 gaf bankinn út óveðtryggð skuldabréf að fjárhæð 300 milljónir evra, jafngildi 42.600 milljóna króna. Skuldabréfin eru til þriggja ára með föstum 3,00% vöxtum og voru verðlögð á 295 punktum umfram miðgildi vaxta í skiptasamningum í evrum. Þau eru gefin út innan 1.000 milljóna evra ramma

bankans um skuldabréfaútgáfu til meðallangs tíma (e. Euro Medium Term Note (EMTN) Programme) og eru skráð í írsku kauphöllinni.

Í desember 2015 gaf bankinn út óveðtryggð skuldabréf að fjárhæð 250 milljónir norskra króna og 250 milljónir sænskra króna, jafngildi 7.500 milljóna íslenskra króna. Skuldabréfin eru til 3½ árs og bera þriggja mánaða NIBOR- og STIBOR-vexti í viðkomandi



Rekstrarreikningur	2015	2014	Breyting 2015	
Hreinar vaxtatekjur	32.324	28.073	4.251	15%
Virðisbreyting	18.216	20.128	-1.912	-9%
Hreinar vaxtatekjur eftir virðisbreytingu	50.540	48.201	2.339	5%
Hreinar þjónustutekjur	6.841	5.836	1.005	17%
Gjaldeyrisgengismunur	-1.277	67	-1.344	-2006%
Aðrar rekstrartekjur	16.259	9.045	-7.214	80%
Afkoma fyrir rekstrarkostnað	72.363	63.149	9.214	15%
Laun og launatengd gjöld	13.754	13.567	187	1%
Önnur rekstrargjöld	8.061	8.545	-484	-6%
Afskriftir rekstrarfjármuna	663	942	-279	-30%
Tryggingasjóður innstæðueigenda	1.254	1.034	220	21%
Rekstrarkostnaður	23.732	24.088	-356	-1%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага, að frádrögnum skatti	248	465	-217	-47%
Hagnaður fyrir skatta	48.879	39.526	9.353	24%
Tekju- og bankaskattur	12.419	9.789	2.630	27%
Hagnaður ársins	36.460	29.737	6.723	23%

Allar upphæðir eru í milljónum króna

myntum auk 2,6% vaxtaálags. Þau eru gefin út innan 1.000 milljóna evra ramma bankans um skuldabréfaútgáfu til meðallangs tíma (e. Euro Medium Term Note (EMTN) Programme) og eru skráð í írsku kauphöllinni.

Rekstarhagnaður bankans á árinu 2015 nam 36,5 milljörðum króna samanborið við 29,7 milljarða króna árið 2014. Á árinu 2015 tekjufærði bankinn háar fjárhæðir vegna virðisbreytinga útlána, eða 18,2 milljarða. Bakfærsla varúðar vegna gengislána til fyrirtækja á árinu 2015 skýrir jákvæða virðisbreytingu útlána upp á 13,8 milljarða króna.


Skattar og gjöld til ríkis og stofnana námu 12,4 milljörðum króna árið 2015, sem er hækkun um 2,6 milljarða króna. Hreinar vaxtatekjur námu 32 milljörðum króna á árinu 2015 samanborið við 28 milljarða króna árið 2014. Vaxtamunur sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna var 2,4% á árinu 2015 sem er sama hlutfall og árið 2014.

Virðisbreytingar útlána hafa á undanföllum árum haft mikil áhrif á sveiflur í rekstrarafkomu. Á árinu 2015 er færð virðisaukning á útlánnum upp á 18 milljarða króna samanborið við 20 milljarða virðisaukningu árið 2014. Hreinar þjónustutekjur námu 6,8 milljörðum króna á árinu 2015, sem er hækkun um 1 milljarð á milli ára. Sú hækkun byggist að langstærstum hluta á breytingum á kortamarkaði og auknum umsvifum í markaðsviðskiptum.

Aðrar rekstrartekjur námu 15 milljörðum króna á árinu 2015 samanborið við 9,1 milljarð króna árið 2014, sem er hækkun um 64% á milli ára. Aðrar rekstrartekjur ársins 2015 eru að mestu hagnaður af hlutabréfum upp á um 9,7 milljarða króna og 2,8 milljarða króna tekjur af markaðs-skuldabréfum. Einnig má nefna tekjufærslu vegna virkjunar valréttarsamnings milli Visa Europe og Visa Inc. vegna sölu á hlut Landsbankans í Valitor Holding hf. upp á 2,4 milljarða króna.

Steinþór Pálsson, bankastjóri


„Í upphafi ársins 2015 setti Landsbankinn sér nýja og metnaðarfulla stefnu til ársins 2020. Markvisst hefur verið unnið að því að innleiða stefnuna og lagt er mat á árangurinn með reglulegum hætti. Stefan hefur þegar skilað eftirtektarverðum árangri, bæði fyrir viðskiptavinum og fyrir bankann, og þessi árangur hefur að hluta komið fram í góðu uppgjöri bankans fyrir árið 2015.“



Rekstrarkostnaður ársins 2015 var 23,7 milljarðar króna en það er lækkun frá því árið 2014 þegar rekstrarkostnaðurinn var 24,1 milljarður króna. Launakostnaður hækkaði um tæpar 200 milljónir króna á milli ára og annar rekstrarkostnaður lækkaði

um tæpar 500 milljónir. Kostnaðarhlutfallið fyrir árið reiknast 43,8%. Kostnaðarhlutfallið sýnir hlutfall rekstrargjalda bankans á móti hreinum rekstrartekjum, að undanskildum virðisbreytingum útlána. Stöðugildum í samstæðu bankans fækkaði um 63 á árinu

2015, úr 1.126 í 1.063. Að teknu tilliti til samruna við önnur fjármálafyrirtæki hefur stöðugildum í Landsbankanum fækkað um 21,1% frá árinu 2011.



Fjármögnun

Fjármögnun Landsbankans er byggð á fjórum meginstoðum: Innlánum frá viðskiptavinum, skuldum við fjármálafyrirtæki, lántökum og eigin fé. Í júlí 2015 hækkaði alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækið Standard & Poor's lánshæfiseinkunn bankans í BBB-/A-3 með jákvæðum horfum.


Innlán frá viðskiptavinum

Veigamesta fjármögnun Landsbankans felst í innlánum frá viðskiptavinum og námu þau 559 milljörðum króna í lok árs 2015. Stærstur hluti þeirra er óverðtryggður og óbundinn. Innlán frá viðskiptavinum jukust um 8 milljarða króna á árinu þrátt fyrir umtalsvert útflæði innlána frá fjármálafyrirtækjum í slitameðferð undir árslok 2015. Verðtryggð innlán námu 104 milljörðum króna í árslok 2015 og aukast þau um 6 milljarða milli ára.


Skuldir við fjármálafyrirtæki

Skuldir við fjármálafyrirtæki námu um 57 milljörðum króna í árslok 2015 og hækka þau um 3 milljarða milli ára en skuldir við fjármálafyrirtæki námu um 54 milljörðum króna í árslok 2014.

Landsbankinn vann að því að breikka fjármögnunargrunn sinn á árinu 2015 og lauk fyrstu útgáfunni innan EMTN-skuldabréfamma bankans í október með útgáfu skuldabréfa til þriggja ára að fjárhæð 300 milljónir evra. Jafnframt var Landsbankinn virkur útgefandi á innlendum



skuldabréfamarkaði með útgáfu sértryggðra skuldabréfa og víxla.



EMTN-skuldabréfarammi

Landsbankinn hefur sett upp EMTN-skuldabréfaramma að fjárhæð einn milljarður evra og gaf út fyrstu skuldabréfin, að fjárhæð 300 milljónir evra, innan rammans í október 2015. Bankinn nýtti afrakstur skuldabréfaútgáfunnar til fyrirframgreiðslu á skuldabréfum útgefnum til LBI hf. Bankinn gaf jafnframt út skulda-

bréf að fjárhæð 250 milljónir í norskum og sænskum krónum í desember 2015.

Skuldabréfaútgáfa til LBI hf.

Lántaka Landsbankans felst að stærstum hluta í skuldabréfaútgáfu til LBI hf. en um hana var samið við tilfærslu eigna og skulda frá LBI hf. til Lands-

bankans árið 2009. Árið 2014 náðist samkomulag milli Landsbankans og slitastjórnar LBI hf. um breytingar á skuldabréfunum. Eftirstöðvar skuldarinnar greiðast með skuldabréfum sem koma til greiðslu á tveggja ára fresti, útgefnum í evrum og Bandaríkjadöllum.

Sértryggð skuldabréf

Landsbankinn hefur sett upp 100 milljarða króna útgáfuramma fyrir sértryggð skuldabréf og er útgáfa þeirra fyrst og fremst hugsuð sem fjármögnun fyrir íbúðalán bankans og til að draga úr fastvaxtaáhættu. Bankinn hefur gefið út óverðtryggð skuldabréf með föstum vöxtum til þriggja og fimm ára og gaf út nýjan flokk verðtryggðra skuldabréfa með föstum vöxtum til 7 ára á árinu 2015.

Víxlar

Landsbankinn setti upp víxla- og skuldabréfamma að fjárhæð 30 milljarðar króna í maí 2015. Bankinn gaf reglulega út víxla á innlendum skuldabréfamarkaði á árinu 2015.

Lánshæfismat

Á árinu 2013 vann bankinn að því að afla sér lánshæfismats frá alþjóðlegu lánshæfismatsfyrirtæki og í janúar 2014 veitti Standard & Poor's (S&P) Landsbankanum lánshæfiseinkunnina BB+ með stöðugum horfum. Í júlí 2015 breytti svo S&P lánshæfiseinkunn bankans úr BB+/B í BBB-/A-3 með jákvæðum horfum.

Útgáfuramma fyrir sértryggð skuldabréf

Landsbankinn nýtti afrakstur skuldabréfaútgáfunnar til fyrirframgreiðslu á skuldabréfum útgefnum til LBI hf.

Standard & Poor's

Flokkur	Samtals
Langtíma	BBB-
Skammtíma	A-3
Horfur	Jákvæðar
Útgáfudagur	Júlí 2015

Hlutfé

Fjórða stoð fjármögnunar Landsbankans er hlutfé, en eigið fé bankans nam 264,5 milljörðum króna í lok desember 2015, tæplega 14 milljörðum meira en í árslok 2014.

Landsbankinn greiddi tæpa 24 milljarða króna í arð til eigenda sinna á árinu 2015. Eiginfjárhlutfall Landsbankans í árslok 2015 var 30,4%.

Eiginfjárhlutfall

30,4%

Áhættustjórnun

Árangursrík áhættustjórnun er lykilþáttur í langtíma-
arðsemi og stöðugleika Landsbankans. Í áhættustjórnun
felst greining, mat og stýring á áhættuþáttum í rekstri
bankans og að skilvirkt skipulag til að mæta áhættu og/
eða miðla upplýsingum um hana sé til staðar. Bankinn
nýtir bestu viðmið í umgjörð um áhættustjórnun.

Útlán Landsbankans jukust um 93 milljarða króna árið 2015, mest vegna lána til bygginga- og fasteignafélaga og íbúðalána til einstaklinga. Meðallíkur á vanefndum fyrirtækja og heimila minnkuðu árið 2015 í samræmi við áhættuvilja bankans.

Hlutfall lána sem höfðu verið lengur en 90 daga í vanskilum lækkaði árið 2015, úr 2,3% í 1,8%. Vanskil einstaklinga minnkuðu mest, eða úr 4,1% árið 2014 í 2,7% 2015. Mikil gæði nýrra útlána stuðluðu einnig að minni meðal-
líkum á vanefndum.

Markaðsáhætta bankans var stöðug og innan áhættuvilja árið 2015. Bankinn hélt áfram að draga úr eignarhlut sínum í óskráðum hlutabréfum og jók jafnframt umsvif sín á fjármálamarkaði. Lausafjárhlutfall bankans er fyrir ofan lögbindið lágmark. Heildarlausafjárþekja er 113% og 360% í

erlendum gjaldmiðlum, en hvoru tveggja er umfram kröfur Seðla-
banka Íslands.

Landsbankinn hefur sett sér stefnu um áhættuvilja og áhættu-
mörk fyrir árið 2016. Þó að nú-
verandi markaðsaðstæður virðist
hagstæðar eru merki um aukna
ytri áhættu í rekstrarumhverfi
bankans. Einkum er þar átt við
þjóðhagsleg skilyrði og afnám
gjalddeyrishafta sem vænta má á
fyrri hluta árs 2016.

Umgjörð áhættustjórnunar

Skýr og skilvirk heimild einstakra
aðila til ákvarðanatöku, stýrð
áhættutaka og eftirlit bankaráðs,
bankastjóra og einstakra nefnda
bankans eru hornsteinar áhættu-
stjórnunar. Landsbankinn hefur
sett sér ítarlegar áhættureglur
og byggt upp stjórnskipulag sem

Áhættuskýrsla Landsbankans


Nánari upplýsingar um
áhættustjórnun
Landsbankans er að finna í
áhættuskýrslu sem birt var
samhliða ársreikningi.

tryggir skýra ábyrgð og eftir-
fylgni við áhættustjórnun.

Á árinu 2015 var áfram unnið að
eflingu áhættustjórnunar Lands-
bankans með umbótum á innri
ferlum og greiningu og miðlum
helstu áhættuþátta í rekstri
bankans.

Mæling áhættuvilja og áhættu-
marka stærstu áhættuþátta í
rekstri er hluti af daglegri stjórn-
un bankans. Þetta hefur nýst vel
sem tæki til að auka gæði eigna-
safns, bæta samsetningu þess
og draga úr áhættu. Áhættuvilji

Vanskil einstaklinga



tekur ekki einungis til áhættu-
marka heldur felur jafnframt í sér
leiðbeiningar um það viðhorf til
áhættu í rekstri sem starfsmenn
bankans þurfa að tileinka sér.

Áhættumörk bankans eru ávallt í
samræmi við ytri lög eða reglur,


ef þeim er til að dreifa, en bankinn
skilgreinir einnig sjálfur fjölmörg
áhættumörk sem ekki eru bundin
í lög eða reglugerðir. Landsbank-
inn hefur sett sér markmið um
fjárhagsstöðu, gæði eigna, stöðu-
töku og ásættanlega arðsemi til
lengri tíma. Til að ná markmiðum

sínum tekur bankinn aðeins þá
áhættu sem hann skilur, getur
metið og mætt.

Við ákvörðun áhættuvilja eru
samhliða sett áhættumörk
fyrir helstu þætti tengda útlána-,
markaðs-, lausafjár-, fjármögn-
unar- og rekstraráhættu, en þau
eru misítarleg eftir eiginleikum
þeirra og breytileika. Áfram er
stefnt að því að draga úr áhættu-
þáttum í rekstri.

Yfirlit mælinga á áhættuvilja Landsbankans

Áhættuþáttur	Mæling
Útlánaáhætta	Meðallikur á vanefndum
	90 daga vanskilahlutfall
	Geirasambjörgun
Markaðsáhætta	Lántakasambjörgun
	Hlutabréf
	Skuldabréf
	Gjaldeyrir
Lausafjárahætta	Vaxtaáhætta utan veltubókar
	Verðtryggingaráhætta
	Lausafjárþekja - alls
Fjármögnunaráhætta	Lausafjárþekja - gjaldeyrir
	Fjármögnunaráhætta
	Eiginfjárlutfall



Áhættuþættir eru metnir með mælistikum eftir mismunandi eðli þeirra. Þær mælistikur eru m.a. nýttar við setningu áhættumarkna, greiningu áhættuþátta og breytinga á þeim, miðlun upplýsinga og stjórnun áhættu. Sameiginleg mæling allra áhættuþátta er mat á eiginfjárbörf (e. economic capital).

Nánar um áhættustjórnun

Landsbankinn hefur undanfarin ár gefið út áhættuskýrslu sem uppfyllir upplýsingaskyldu bankans samkvæmt þriðju stöð Basel II. Í skýrslunni er gerð ítarleg grein fyrir öllum þáttum áhættustýringar bankans og þeim

aðferðum sem beitt er við mat á áhættu.

Áhættuskýrslunni er ætlað að gefa glögga mynd af stöðu bankans og veitir hún m.a. lykilupplýsingar um umfang, áhættuskuldbindingar, áhættumatsferli, eiginfjárstöðu og aðra mikilvæga þætti á þessu sviði.

